



Fá bæði belti og axlabönd

- **Skúli Skúlason** blés lífi í BÍ
- **Laun blaðamanna** þurfa að hækka um 15%
- **Breytingar nafa orðið** á blaðamannastéttinni.



Viðtal við Margræti Heinreksdóttur

-Tjeningarfrelsi er ekki frekar en önnur frelsisréttindi. Þetta segir dómstóllinn í þessum sama dómi að fyrirmæli um að sáttmáli lýsi hver sé heimildarmaður að frásögn stríði gegn 10. grein Mannréttisáttmála Evrópu nema önnur veigamalet sjónarmið eigi við. Slíkar takmarkanir kalli þó á mjög gaumgæfilega athugun.

- **Hliðverðirnir** eru úti á tóni
- **Siðadómar**
- **Stéttin, fagið og sagan**

Í Goodwin málinu taldi dómstóllinn að brotið hefði verið gegnt sáttmáls. Málavextir voru þeir að William Goodwin,



EFNI BLAÐSINS



Félagið

- 4** Hjálmar Jónsson, formaður BÍ:
Laun blaðamanna þurfa að hækka um 15%
- 6** Birgir Guðmundsson:
Breytingar á blaðamannastétt
- 9** Björn Vignir Sigurpálsson:
Skúli Skúlason – Blés nýju lífi í Blaðamannafélagið

Umræðan

- 12** Óðinn Jónsson:
Hliðvörðurinn úti á túni
- 14** Blaðamenn fá bæði belti og axlabönd
- 18** Viðtal við Margréti R. Bjarnason

Siðadómar

- 24** Úrskurðir Siðanefndar

Útgefandi: *Blaðamannafélag Íslands*

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:

Birgir Guðmundsson (birgirg@unak.is).

Prófarkalestur: *Bragi V. Bergmann (bragi@fremri.is)*

Útlitshönnun: *Ásprent*

Prentun: *Ásprent*

Skrifstofa Blaðamannafélagsins

er í Síðumúla 23, 108 Reykjavík. Sími 553-9155

Bréfsími 553-9177

*Netfang **bi@press.is***

*Heimasíða BÍ **www.press.is***

Skrifstofan er opin alla virka daga frá kl. 9.00-16.00.

Starfsmenn BÍ eru Hjálmar Jónsson formaður

og Jóna Th. Viðarsdóttir skrifstofustjóri.



Forsíðumyndina

*tók Kristinn Ingvarsson af Eiríki Jónssyni
prófessor*

Lifandi félag

Stéttin, fagið og sagan

Framundan eru samningar um kaup og kjör jafnt hjá blaðamönnum sem hjá launamönnum almennt. Ný launakönnun meðal blaðamanna sýnir að þeir hafa heldur dregist aftur úr í launaþróuninni. Það vantar 15% á að laun blaðamanna hafi haldið í við þróun launavísitölunnar síðustu sex ár og líkt og Hjálmar Jónsson, formaður félagsins, segir í grein í blaðinu, þarf að sækja kjarabætur í komandi samningum enda hlýtur það að vera alger lágmarkskrafa að launakjör stéttarinnar þróist í takt við það sem almennt gerist. Því er þessi launakönnun gott innlegg í þá samninga sem framundan eru og mikilvægt að mæta til samninga með kröfur sem eru undirbyggðar með nýjum og greinargóðum gögnum.

Í launakönnuninni kom raunar ýmsilegt fleira áhugavert í ljós um stéttina, annað en það sem beinlínis tengist launakjörunum. Þannig má sjá að umtalsverðar breytingar hafa orðið á síðustu árum varðandi menntun blaðamanna og hlutfall og hlutskipti blaðakvænna. Menntun blaðamanna hefur aukist mjög verulega og eru nú langflestir þeirra með háskólapróf og mjög stór hluti þeirra með framhaldsnám til viðbótar. Konur eru með áberandi meiri menntun en karlar og þær hafa í vaxandi mæli verið að axla ábyrgð sem yfirmenn og stjórnendur inni á ritstjórnunum og er nú svo komið að fleiri konur en karlar eru vaktstjórar eða sinna annarri stjórnun. Almenn starfsánægja birtist einnig í könnuninni þó hún sér heldur minni en í sambærilegri könnun 2012, en álag og stress er þó ennþá viðvarandi hjá stéttinni.

Umrót og uppstokkun hefur einkennt fjölmiðlamarkað síðustu ára með tilheyrandi rekstrarerfíðleikum, samkeppni og tæknibreytingum. Ritstýrð fjölmiðlun, þar sem grunnildir faglegrar blaðamennsku eru í fyrirrúmi, hefur átt undir högg að sækja á Íslandi eins og í öðrum löndum. Sérstaða Íslands, í norrænu samhengi, hefur lengi vel verið fullkomið skilningsleysi stjórnvalda á mikilvægi faglegrar blaðamennsku og fjölmiðlastarfsemi og þeim vanda sem að hefur steðjað. Svo virðist þó sem nú kunni að verða einhver breyting á, bæði hvað varðar rekstrarumhverfi og þann lagaramma tjáningarfrelsis sem blaðamenn starfa innan. Nú hefur í fyrsta sinn verið í alvöru ljáð máls á opinberum stuðningi við einkarekna miðla, hver svo sem útfærslan á tillögum á endanum verður, en ljóst þó að umfangið verður ekki í nokkurri líkingu við það sem þekkist á hinum Norðurlöndunum. Eins hafa verið kynnt drög að frumvörpum sem snerta tjáningarfrelsið þar sem m.a. er kveðið á um refsileysi ærumeiðinga og ákvæðum um hatursorðræðu breytt nokkuð. Þessi atriði ásamt öðrum sem lögð eru til, munu gagnast blaðamönnum og samfélagsumræðunni almennt og færa lagarammann hér á landi nær samtímanum og því sem þekkist úr dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu.

Þessi mál öll eru mikilvæg fyrir dagleg störf blaðamanna og möguleika þeirra til að starfa sem sjálfstæð fagstétt, sem greinir sig frá „skvaldrinu“ á samfélagsmiðlum með því að veita almenningi mikilvægar, sannreyndar upplýsingar. Þetta hlutverk verður sífellt mikilvægara og blaðamannastéttin þarf að halda vel utan um stöðu sína og sögu til að tryggja og minna sjálfa sig og samfélagið á sérstöðu sína. Í þessu tölublaði Blaðamannsins er einmitt fjallað með ýmsum hætti um stéttina, fagið og söguna.

Birgir Guðmundsson

STJÓRNBLAÐAMANNNAFÉLAGS ÍSLANDS

Aðalstjórn:

Hjálmar Jónsson, formaður
Ragnhildur Aðalsteinsdóttir, varaformaður
Ingveldur Geirsdóttir, ritari
Trausti Hafliðason, gjaldkeri
Jóhann Hliðar Harðarson
Helga Arnardóttir
Björn Jóhann Björnsson

Varamenn:

Sigurður Mikael Jónsson
Sunna Kristín Hilmarsdóttir
Vala Ósk Bergsveinsdóttir

Samningaráð:

Hjálmar Jónsson
Ragnhildur Aðalsteinsdóttir
Guðni Einarsson
Jón Hákon Halldórsson
Baldur Guðmundsson
Kolbeinn Þorsteinsson
Nanna Teitsdóttir

Varamenn:

Hólmfríður Gísladóttir
Guðjón Guðmundsson
Guðmundur Bergkvist

Síðanefnd:

Björn Vignir Sigurpálsson, formaður
Hjörtur Gíslason, varaformaður
Friðrik Þór Guðmundsson
Ásgeir P. Árnason
Róbert Haraldsson

Varamenn:

Jóhannes Tómasson
Valgerður Jóhannsdóttir
Sigríður Árnadóttir

Menningar- og orlofshúsaþjóður:

Lúdvík Geirsson, formaður
Elín Albertsdóttir
Guðmundur Sv. Hermannsson

Varamaður:

Sigurður Már Jónsson

Styrktarsjóður:

Arndís Þorgeirsdóttir
Lilly Valgerður Pétursdóttir
Guðni Einarsson

Varamenn:

Ragnhildur Aðalsteinsdóttir
Baldur Guðmundsson
Hjálmar Jónsson

Skoðunarmenn reikninga:

Sigtryggur Sigtryggsson
Hörður Ægisson

Varamaður:

Guðmundur Sv. Hermannsson

Kjörnefnd:

Arndís Þorgeirsdóttir, formaður
Guðmundur Ólafur Ingvarsson
Kristján Hjálmarsson

Verðlaunanefnd:

Björn Vignir Sigurpálsson
Arndís Þorgeirsdóttir
Óli Kr. Ármannsson
Steinunn Stefánsdóttir
Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir

Trúnaðarmenn á helstu vinnustöðum

Mbl.: Guðni Einarsson,
Kristín Heiða Kristinsdóttir
Fbl.: Baldur Guðmundsson
Sýn: Sunna Kristín Hilmarsdóttir
Birtingur: Ragnhildur Aðalsteinsdóttir
DV: Kolbeinn Þorsteinsson.
Viðskiptablaðið: Guðjón Guðmundsson

Laun blaðamanna þurfa að hækka um 15% til að halda í við launapróun

Mikið vantar á að laun blaðamanna hafi haldið í við hækkun launavísitölu undanfarin sex ár og þyrftu raunar að hækka um 15% til að halda í við hækkun launavísitölunnar að meðaltali á umræddu tímabili. Þrátt fyrir það hefur kaupmáttur launa blaðamanna aukist talsvert á tímabilinu, enda hafa nafnlaunahækkningar ekki verið meiri í annan tíma samfara því að verðbólga hefur verið óvenju lág.

Þetta sýna niðurstöður launakönnunar sem fyrirtækið Intellecta framkvæmdi fyrir Blaðamannafélag Íslands í september, en fyrirtækið gerði sambærilega könnun fyrir félagið í október árið 2012. Svörun í könnuninni, sem náði einungis til félagsmanna á ritstjórnnum og fréttastofum, var 40% sem er sambærileg svörum og fyrir sex árum.

33% hækkan á sex árum

Föst laun blaðamanna reyndust nú vera 601.701 kr. á mánuði að meðaltali, en sambærileg laun haustið 2012 voru 453.168 kr. Heildarlaun að meðaltali nú voru 632.478 kr. en heildarlaunin 2012 voru 476.624 kr. Þetta jafngildir 33% hækkan á þessum sex árum á sama tíma og neysluverðsvísitala hefur hækkað um 15%. Launavísitalan sem Hagstofan reiknar út hefur hins vegar hækkað um 53% á þessum tíma og til þess að jafna þann mun þyrftu laun blaðamanna að hækka að meðaltali um 15%. Þann fyrirvara þarf að gera að útreikningur Hagstofunnar byggir á pörudum samanburði, en tölur í launakönnuninni ekki. Það eru því fleiri breytur sem geta haft áhrif á þýðinguna í launakönnuninni heldur en tölur Hagstofunnar.



Eftir
Hjálmar Jónsson

Þessi niðurstaða er gott innlegg í þær kjaraviðræður sem framundan eru. Meginverkefnið þar verður auðvitað að jafna þennan mun og tryggja að blaðamenn njóti að minnsta kosti sambærilegrar launapróunar og aðrir launþegahópar á íslenskum vinnu-markaði. Ástæður þessarar þróunar mega flestum vera ljósar. Fjölmíðla-markaðurinn hefur verið að ganga í gegnum miklar breytingar hér á landi jafnt sem annars staðar og hefur átt erfitt með að fóta sig í nýju tækniumhverfi. Það tekjumódel sem fjölmíðla-markaðurinn byggði á hefur að hluta til verið eyðilagt og erfiðlega hefur gengið að finna annað sem virkar nægilega vel. Tækifærin eru hins vegar fjölmörg og engin ástæða til annars en að vera bjartsýnn þegar til lengri tíma er litið. Á sama tíma hafa flestar aðrar greinar samfélagsins búið við einstakt góðæri og verið í stakk búnar til þess að bjóða laun langt umfram það sem samist hefur um í kjarasamningum, þar sem spurn eftir vinnuafli hefur verið mikil.

Á meðfylgjandi töflu má sjá niðurstöður könnunarinnar í samanþjöppuðu formi. Kynjaskipting var þannig

að 60% voru karlar og 40% voru konur og var svörun í samræmi við það. Fram kom að almennt voru konur betur menntaðar en karlar og báru meiri ábyrgð, en karlar voru með mun lengri starfsaldur. Þrjú fjórðu þeirra sem svöruðu unnu innan við 20 yfirvinnutíma á mánuði og þriðjungur var með vaktalag sem hluta launa sinna.

Launamunur kynjanna

Karlar eru með 5-8% hærri laun en konur eftir því hvort miðað er við meðaltal fastra launa og heildarlauna eða miðgildi þeirra. Óskað hefur verið eftir sérstakri greiningu á þessum mun, svonefndri aðhvarfagreiningu, þar sem kannað er sérstaklega hvernig einstakar breytur hafa áhrif á laun og hvort rekja megi muninn til kyns eða annarra þátta. Niðurstaðna er að vænta í lok nóvember og verður þeirra getið á vef BÍ, press.is

Samkæmt könnuninni er miðgildi heildarlauna 590 þúsund. Það þýðir að helmingur aðspurðra var með laun undir þeirri tölu og helmingur yfir. 75% mörkin voru 722.281 króna og 25% mörkin 514.584 kr. Það segir okkur það að fjórðungur aðspurðra í könnuninni er með laun undir þeim mörkuðum, sem er fullkomlega óviðunandi hvernig sem á það er litið. Það hlýtur að verða meginverkefnið í komandi samningaviðræðum að hækka lægstu launin sérstaklega og er samninganefnd BÍ með í undirbúningi kröfugerð þar sem komið er til móts við þau sjónarmið, auk þess að tryggja almenna hækkan launa.

Launayfirlit Miðgildi, meðaltal, 25% gildi og 75% gildi

| | Föst laun | | | | Heildarlaun | | | | Fjöldi |
|--|-----------|----------|---------|---------|-------------|----------|---------|---------|--------|
| | Miðgildi | Meðaltal | 25% | 75% | Miðgildi | Meðaltal | 25% | 75% | |
| Allir svarendur | 570.000 | 601.701 | 485.582 | 669.500 | 590.000 | 632.478 | 514.584 | 722.281 | 112 |
| Kyn | | | | | | | | | |
| Karlar | 576.444 | 617.365 | 503.632 | 679.750 | 602.546 | 650.351 | 531.019 | 722.841 | 69 |
| Konur | 552.342 | 574.389 | 462.000 | 657.148 | 566.500 | 601.316 | 485.056 | 684.204 | 43 |
| Hvaða námi hefur þú lokið? | | | | | | | | | |
| Grunnskólapróf | 520.000 | 522.421 | | | 540.000 | 554.364 | | | 3 |
| Stúdentspróf | 550.000 | 646.741 | 419.000 | 750.000 | 580.000 | 677.741 | 514.584 | 750.000 | 13 |
| BA/BS | 566.500 | 567.840 | 473.684 | 633.952 | 589.750 | 608.514 | 495.180 | 718.368 | 49 |
| MA/MS eða lengra nám | 636.775 | 661.677 | 552.342 | 758.000 | 649.100 | 680.326 | 570.000 | 800.000 | 35 |
| Annað | 531.622 | 533.393 | 485.582 | 556.200 | 556.200 | 555.584 | 508.582 | 605.000 | 11 |
| Starfsaldur í blaða- og fréttamennsku | | | | | | | | | |
| skemur en 1 ár | 463.500 | 454.264 | | | 472.000 | 487.908 | | | 7 |
| 1-5 ár | 477.500 | 490.849 | 450.000 | 570.750 | 499.000 | 523.142 | 471.834 | 582.500 | 29 |
| 6-10 ár | 572.103 | 621.286 | 515.000 | 752.000 | 603.092 | 657.624 | 515.000 | 827.427 | 21 |
| 11-15 ár | 607.700 | 637.855 | 550.000 | 730.000 | 632.000 | 673.578 | 589.500 | 748.000 | 20 |
| 16-20 ár | 581.171 | 625.542 | 535.000 | 700.200 | 609.000 | 651.559 | 536.770 | 737.000 | 16 |
| 20 ár eða fleiri | 651.708 | 732.889 | 572.887 | 768.000 | 677.688 | 753.035 | 605.000 | 818.000 | 19 |
| Ábyrgð | | | | | | | | | |
| Almennur blaða-/fréttamaður | 521.019 | 536.018 | 472.940 | 587.716 | 560.561 | 569.969 | 485.056 | 607.500 | 69 |
| Vaktstjóri | 700.000 | 682.183 | 636.775 | 760.000 | 723.400 | 702.640 | 636.775 | 786.039 | 13 |
| Annað ábyrgðar- eða yfirmannastarf | 670.676 | 706.950 | 540.000 | 800.000 | 693.330 | 735.429 | 580.000 | 840.000 | 30 |
| Föst mánaðarlaun - yfirv. innifalin | 608.348 | 659.538 | 540.000 | 750.000 | 632.000 | 685.531 | 540.000 | 773.865 | 56 |
| Föst mánaðarlaun - yfirv. tekin út í fríum | 496.729 | 536.601 | 463.500 | 587.000 | 506.500 | 549.017 | 472.000 | 610.000 | 30 |
| Mánaðarlaunataxti - yfirv. tekin út í fríum en greitt fyrir yfirv.álag | 467.352 | 480.840 | | | 542.672 | 520.980 | | | 6 |
| Mánaðarlaunataxti og greitt fyrir unna yfirv. | 570.000 | 584.907 | 514.203 | 635.904 | 600.000 | 655.626 | 567.480 | 730.000 | 18 |
| Hvenær er fasti launahlutinn greiddur? Greiddur fyrirfram | 588.432 | 636.483 | 540.000 | 700.000 | 625.000 | 658.199 | 567.480 | 702.456 | 31 |
| Greiddur eftirá | 556.200 | 590.571 | 475.000 | 650.000 | 587.000 | 624.901 | 495.212 | 722.281 | 80 |
| Hversu marga yfirvinnutíma vinnur þú á mánuði (september)? | | | | | | | | | |
| 0-10 tímar | 552.342 | 569.543 | 485.582 | 636.775 | 570.342 | 592.304 | 500.000 | 649.100 | 55 |
| 11-20 tímar | 538.500 | 566.939 | 473.668 | 605.000 | 580.000 | 606.088 | 515.000 | 673.227 | 28 |
| 21-30 tímar | 591.000 | 571.139 | 539.000 | 625.000 | 624.000 | 630.139 | 539.000 | 715.074 | 8 |
| 31-40 tímar | 711.947 | 890.193 | | | 765.765 | 924.104 | | | 6 |
| 41-50 tímar | 607.700 | 644.701 | | | 714.454 | 679.871 | | | 5 |
| Fleiri en 50 tímar | 717.102 | 682.026 | 552.000 | 809.000 | 717.102 | 694.526 | 552.000 | 834.000 | 8 |
| Er vaktatag hluti af launum þínum? Já | 572.103 | 585.381 | 500.000 | 640.000 | 600.000 | 637.738 | 534.343 | 723.400 | 38 |
| Nei | 566.750 | 610.327 | 485.056 | 684.204 | 590.000 | 629.698 | 498.000 | 702.456 | 74 |

Háskólamenntun blaðamanna stóraukist

Breytingar á blaðamannastétt

og meirihlutinn sér fyrir sér blaðamennsku sem langtímastarf



Eftir
Birgi Guðmundsson

Gríðarlegar breytingar hafa átt sér stað í stétt íslenskra blaðamanna á síðustu sex árum.

Þannig eru nú mun fleiri með háskólamenntun en áður, en álag hefur heldur minnkað á sama tíma og starfsumhverfið er áfram streituvaldandi þó streituvaldar séu e.t.v. eitt-hvað öðruvísi en þeir voru fyrir 5-6 árum. Þetta má meðal annars lesa út úr gögnum í launakönnuninni sem Intellecta gerði fyrir Blaðamannafélagið.

Kynjaskipting

Ef félagaskrá BÍ frá því í vor (2018) er skoðuð má sjá að kynjaskiptingin í BÍ er heldur karllæg, en tæp 38% félagsmanna eru konur og rúm 62% eru karlar. Rétt er þó að taka fram að á félagaskránni eru bæði biðfélagar sem gjarnan eru félagar sem hættir er í blaðamennsku og starfandi blaða-

menn. Biðfélagar eru líklegri til að vera eldri og hafa verið í blaðamennsku þegar stéttin var enn meiri karlastétt en nú er. Þannig verður hlutfall kvenna hærra eftir því sem félagsmenn verða yngri í starfi (félagsnúmer hækka) og má því gera ráð fyrir að hlutfall kvenna meðal starfandi blaðamanna sé nokkru hærra en félagatalið gefur til kynna.

Starfsaldur kvenna lengist


Starfsaldur blaðamanna skiptist þannig samkvæmt könnun Intellecta að rúmur helmingur (51%) blaðamanna hefur starfað í 10 ár eða skemur í faginu en hinir (49%) hafa starfað lengur. Þar af hafa 17% starfandi blaðamanna starfað í 20 ár eða lengur. Sé þetta borið saman við starfsaldur stéttarinnar fyrir 6 árum, árið 2012, þá hefur nánast engin breyting orðið á starfsaldursskiptingunni í heild. Hins vegar koma áhugaverðir hlutir í ljós þegar svörum er skipt upp eftir kyni, því nú eru mun fleiri konur með lengri starfsaldur en árið 2012. Á sama átt hefur starfsaldur karlanna heldur styst. Þannig höfðu um 60% kvenna í félaginu minna en 10 ára starfsaldur árið 2012 en nú hafa 56% minna en 10 ára starfsaldur. Á sama hátt hefur þeim körlum sem hafa minna en 10 ára starfsaldur fjölgað úr 43% í 48%. Séu þeir sem hafa 5 ára starfsreynslu

eða minna skoðaðir sést að þeim hefur fjölgað talsvert frá því sem var í könnuninni 2012, eða úr tæpum 24% í 32% í núverandi könnun.


Gamalreyndum fækkar

Þessar tölur eru til vitnis um umtalsverða endurnýjun í félaginu og endurspeglar e.t.v. hvernig fjölmiðlar hafa þrátt fyrir allt rétt úr kútnum eftir hrun, en margir blaðamenn misstu vinnuna eftir fjármálahrunið og á mánuðunum eftir það. Eftir 2012 hefur almennt árað betur í efnahagslífinu og endurspeglar það sjálfsgætt í nýráðningum til fjölmiðla. Hin hliðin á þessum peningi er að fólki sem hefur mjög langan starfsaldur hefur fækkað áberandi í félaginu. Þannig var tæpur fjórðungur félagsmanna (24,6%) með meira en 20 ára starfsreynslu árið 2012 en þessi hópur er nú aðeins 17% félagsmanna. Spyrja má hvort verið geti að þetta sé til marks um að reyndara (og dýrara) fólk sé látið fara í sparnaðarskyni og ódýrara og yngra fólk ráðið í staðinn? Loks má nefna í tengslum við starfsaldur að hann endurspeglar vel að blaðamennska var karlafag fyrir nokkrum áratugum. Þannig er kynjaskiptingin í þeim hópi sem lengsta starfsreynslu hefur, 20 ár eða meira, margfalt ójafnari en í félaginu í heild, eða um 22% karlar en aðeins 9% konur.

Starfsaldur í blaða- og fréttamennsku Fyrir alla svarendur og eftir kyni



Hvaða námi hefur þú lokið? Fyrir alla svarendur og eftir kyni




Sprengja í háskólamenntun

Veruleg umbýlting hefur orðið í menntamálum stéttarinnar frá síðustu könnun Intellecta árið 2012. Líkja má þessari breytingu við sprengingu í háskólamenntun. Þannig voru 66% blaðamanna með háskólapróf af einhverju tagi árið 2012 en nú, 6 árum síðar, eru meira en 3 af hverjum 4

(76%) blaðamönnum með háskólapróf. Hlutfall þeirra sem eru með grunnskólapróf hefur ekki breyst og er um 3%, en mun færri eða 12% blaðamanna eru nú aðeins með stúdentspróf á móti 17% árið 2012. Aukning háskólamenntunar kemur fram bæði hjá körlum og konum í stéttinni. Þannig hefur körlum með háskólapróf

fjölgað út 59% í 71% og konum með háskólapróf hefur fjölgað úr 76% í 84%. Konur eru ekki einungis fremur með háskólapróf en karlar, heldur eru þær líka fremur með framhaldsnám að baki sér, en 44% blaðakvenna eru með MA/MS nám eða meira á meðan sama hlutfall hjá körlum er 24%.

Hversu lengi sérð þú fyrir þér að vera starfandi í blaðamennsku? Fyrir alla svarendur og eftir kyni



Starfsöryggi

Starfsskilyrði blaðamanna hafa breyst umtalsvert á síðustu 6 árum og koma þar til ýmsir þættir og má t.d. nefna að blaðamenn þurfa að tileinka sér nýja tækni og gagnvirk samskipti m.a. í gegnum samfélagsmiðla. Þetta hefur fært blaðamenn nær lesendum og oft kallað á viðbótarvinnu við að sinna slíku. Hörð samkeppni og erfitt rekstrarumhverfi fjölmiðla almennt er annað atriði og fjölmargir þurfa að horfa upp á uppsagnir kollega. Þannig kemur fram að $\frac{2}{3}$ (63%) blaðamanna segja að fólki hafi verið sagt upp á þeirra vinnustað á undanförunum 12 mánuðum. Þó þetta sé há tala þá er hún umtalsvert lægri en kom fram í könnuninni 2012 þegar $\frac{3}{4}$ blaðamanna (76,4%) sögðu uppsögn kollega hafa orðið næstu 12 mánuði á undan. Þessar upplýsingar benda til ástands óöryggis og álags, hvort heldur þetta hefur í för með sér breytt vinnulag eða ekki, en um helming líkur virðast á að slíkt geti gerst.

Mikið álag

Spurt var í könnuninni um það hvort vinnufyrirkomulagi hafi verið breytt vegna fækkunar starfsfólks, og kemur í

ljós að í um helming tilfella var það gert (48%) og í helming (52%) tilfella ekki. Svo virðist sem það sé frekar að vinnutilhögun kvenna (61%) sé breytt en karla (40%). Í ljósi þessa óöryggis, tilfæringa og uppsagna kemur því ekki á óvart að aukið álag mælist í könnuninni. Um 60% allra blaðamanna telja að álag hafi aukist í vinnunni á síðustu 12 mánuðum og lýsa mun fleiri konur (71%) auknu álagi en karlar (53%). Engu að síður hefur álagið heldur minnkað (eða öllu heldur hefur dregið úr álagsaukningunni) miðað við það sem var 2012 þegar um 67% allra blaðamanna töldu álagið hafa aukist á undangengnum 12 mánuðum. Álag er streituvaldandi og 55% blaðamanna segja nú að mikil streita fylgi starfinu oft, og telja konur frekar en karla að starfið sé oft streituvaldandi. Athygli vekur að þó álagið sé nú talið heldur minna en 2012. Þá segja fleiri blaðamenn núna að starfið sé oft streituvaldandi en sögðu það árið 2012 (50%).

Gaman í vinnunni

Það er stundum sagt að það sé kjara-baráttu blaðamanna fjötur um fót hversu gaman fólki finnst í vinnunni. Og vissulega er mikill meirihluti blaða-

manna ánægður í vinnunni. Þannig segjast nú 68% blaðamanna vera mjög eða frekar ánægð í núverandi starfi, sem er þó heldur minna en árið 2012 þegar um 72% sögðust mjög eða frekar ánægð í starfi. Nánast enginn munur er á kynjum hvað þetta varðar, þó konur séu heldur ánægðari en karlarnir.

Blaðamennska sem framtíðarstarf

Loks er athyglisvert að sjá niðurstöður úr spurningu um hversu lengi menn sjá fyrir sér að vera í blaðamennsku. Þar kemur fram að 38% svarenda sjá fyrir sér að vera 10 ár eða lengur, sem útleggja má sem svo að þessi hópur sé nokkuð tilbúinn að gera blaðamennsku að framtíðarstarfi. Um 19% til viðbótar sjá fyrir sér að vera í blaðamennsku í 5-10 ár, þannig að segja má að um 57% blaðamanna sjái starfið fyrir sér sem langtímarstarf eða ævistarf. Ein 15% eru hins vegar í blaðamennsku til skemmri tíma eða minna en tveggja ára. Þessi sjónarmið endurspeglar ákveðna festu sem virðist vera að færast í starfsstétt blaðamanna, þar sem sífellt fleiri líta á starfið sem framtíðarstarf en ekki tímabundinn viðkomustað á leið eitthvert annað, t.d. í pólitík eða skemmtanaíðnað.

Skúli Skúlason:

Blés nýju lífi í Blaðamannafélagið



„Ég hef fáum mönnum kynnt sem á jafnlöngum tíma hafa breytt eins lítið og hann. Hvar eða hvenær sem maður hittir hann, hefur hann alltaf sama glaðlega og hlýlega viðmótið og verður aldrei ánægðari, en þegar hann getur leyst einhvers manns erfiðleika eða greitt götu náungans“

Þessi orð lét Valtýr Stefánsson, ritstjóri Morgunblaðsins, falla á sextugs-afmæli Skúla og þau voru ítrekuð í afmælisgrein vegna 75 ára afmælis hans, 27. júlí 1965. Þeir Skúli og Valtýr höfðu átt mikil og farsæl samskipti á Morgunblaðinu á árum áður. Skúli hafði starfað þar í tæpan áratug og þar af í nokkur ár áður en Valtýr var ráðinn þar ritstjóri.



Nelly og Skúli Skúlason.

Skúla verður að telja meðal merkustu formanna Blaðamannafélagsins í sögu þess. Samt ætlaði hann sér aldrei að verða blaðamaður heldur jarðfræðingur, en eins og svo margir í stétt okkar þekkja er blaðamennskubakterían lúmskur faraldur. Skúli varð enda ástríðublaðamaður, mikill fagmaður í öllu sem sneri að útgáfu blaða og tímríta. „Skúli Skúlason hefur ekki verið blaðamaður „til að hafa ofan af fyrir sér, hann hefur verið blaðamaður af köllun,“ eins og segir í afmælisgreininni um hann 75 ára.

Á eyðublaði því sem fylgir ferilsskránni sem birt er með þessari grein

kemur fram hvar Skúli hefur unnið – 2 og hálf títill á *Ísafold*, 8 ár á *Morgunblaðinu*, tæpt ár á *Fréttastofu Blaðamannafélagsins (FB)*, en árin þar á eftir á vikublaðinu *Fálkanum* sem hann stofnaði og ritstýrði á þriðja áratug þar á eftir.

Einhverjir munu vafalaust reka augun í fyrirbærið *Fréttastofa Blaðamannafélagsins*. Hún er nú meira og minna gleymd. Í fjölmiðlasögu Guðjóns Friðrikssonar, *Nýjustu fréttir*, er þó gerð ágæt grein fyrir þessu framtaki blaðamanna. Þar segir:

„Árið 1924 var Þorsteinn Gíslason formaður og réðst félagið í það stórvirki að setja á stofn *Fréttastofu Blaða-*

mannafélags Íslands (FB). Hún var stofnuð 18. janúar 1924 og starfrækt fram að seinni heimsstyrjöld. Skúli Skúlason blaðamaður skipulagði fréttastofuna og varð fyrsti forstöðumaður hennar en fljótlega tók Axel Thorsteinsson við forstöðu hennar. Ekki var þó um fullt starf að ræða og starfsemin til heimilis hjá Axeli. Stofnaðilar að *Fréttastofu Blaðamannafélagsins* voru *Alþýðublaðið*, *Lögréttan*, *Morgunblaðið*, *Tíminn* og *Vísir*. Síðar bættust *Vörður* og *Ísafold* í hópin.

Vikublöðin greiddu visst mánaðargjald fyrir fréttapjónustu en dagblöðin lögðu fram fé fyrir skeytakostnaði frá útlöndum og greiðslum til fréttaritara

Æviágrip Skúla Skúlasonar

Ólst upp á Odda á Rangárvöllum og var þar með annan fótinn uns foreldrar mínir, Skúli Skúlason, prófastur, og Sigríður Helgadóttir fluttust þaðan 1918. Sat í skóla 1905-08 (2.-4. bekk) en las utan skóla tvö síðustu árin. Fór til Kaupmannahafnar haustið 1910, tók forspjallsvísindapróf haustið 1911 (1. einkunn) og sótti fyrirlestra í náttúrufræði og hugðist gera jarðfræði að aðalnámi. Varð skrifari á Stjórnarskrifstofu Íslands í Kaupmannahöfn í júní 1912 þangað til ég fluttist heim í des. 1914, nokkru eftir að heimsstyrjöldin fyrri hófst. Í stjórn Íslendingafélagsins 1912-14 og í stjórn Félags íslenskra stúdenta í Kaupmannahöfn. Bjó á Regensen 1910-13.

Var ráðinn til að athuga surtarbrandslög á Vestfjörðum er ég fór heim og athugaði námur í Bolungarvík, Súgandafirði og Dufansdal í Arnafirði í jan.-febr. og tók þar sýnishorn, en ekki varð af framkvæmdum. Var síðan með Jóni Þorlákssyni í Dufansdal er athugaðir voru möguleikar á því að Reykjavíkurbær réðist í surtarbrandsnám þar.

Vann við Morgunblaðið á veturna eftir að ég kom heim, en mældi tún og matjurtagarða sumrin 1915-18. Frá 1. okt. 1918 varð ég fastur starfsmaður á Morgunblaðinu og var það til 31. des. 1923. Tók þá að mér forstöðu nýstofnaðrar Fréttastofu Blaðamannafélagsins og gegndi því starfi í tæpt ár, en fluttist til Noregs 1. des. 1914.

Starfaði fyrir brottförina sem símféttamaður Politiken í K.höfn og Associated Press og Americas. Ennfremur fyrir Reuters Ltd.

Dvaldi í Noregi samfleytt til haustsins 1927. Skrifaði allmikið í norsk blöð, Dagbladet og Bergens Tidende, sænska Nye Dagligt Allahanda og nokkuð í dönsku

Nationaltidende og Politiken auk nokkurra greina í tímarit. Morgunblaðið og einkum Vísir birtu talsvert af greinum frá mér á þeim árum.

Stofnaði vikubl. Fálkann með Svavari Hjaltested og Vilhjálmí Finsen og byrjaði hann að koma út 31. mars 1928. Hef verið ritstjóri hans síðan.

Átti þátt í stofnun Ferðafélags Íslands 1927 og sat í stjórn þess 1928-36 sem ritari. Vikubl. Fálkinn stofnaði Sæluhúsasjóð Ferðafélagsins, einkum til að hrinda á stað byggingu sæluhússins við Hvítárvatn. Varð kjölfélagi F.Í. 1957. Var Íslandsfréttaritari Politiken þau árin sem ég var heima í þetta sinn (1927-36) og fréttaritari The Times 1929-40.

Fluttist til Noregs sumarið 1936 og dvaldi þar til haustsins 1940. Skrifaði sem fyrr aðallega í Dagbladet, en hef átt heima í Noregi síðan og unnið á Fálkanum, en auk þess skrifað mánaðarlega yfirlit norskra fréttu fyrir Morgunblaðið en sent ríkisútvarpinu yfirlit norskra fréttu síðastliðin 5 ár. Skrifaði um Ísland í Dagbladet og Bergens tidende og grein og grein í önnur tímarit. Hef skrifað nokkrar greinar í Eimreiðina og Skírni (fyrir og eftir stríð), haldið rúmlega 100 fyrirlestra um Ísland í Noregi, flesta í folkeakademíana. Skrifaði smárit um „Republiken Island“ sem Chr. Michelsens Fund gaf út 1950.

Kvæntist í september 1925 Nelly Þóru Hallgrímsdóttur Mjöld. Börn: Ingibjörg Sigríður, gift Karli Eiríkssyni, flugmanni, Guðrún Þórhildur, á kennaraskóla í Osló, og Hallgrímur Skúli búfræðingur í Nesbyen. Einn son, Skúla, misstum við tæpra tveggja ára.

Heiðursmeðlimur Blaðamannafélags Íslands 27. júlí 1950.

erlendis að einum þriðja hvert dagblað Sumarið 1925 fengu eftirtalin blöð úti á landi fréttaskeyti frá FB: *Dagur, Íslendingur, Verkamaðurinn, Vesturland og Hænis*, “ segir þar og enn fremur:

Nokkur halli var á rekstri *FB* til að byrja með en eftir fyrsta árið veitti Alþingi styrk til starfsemi hennar. Að sjálfsgöðu var ljóður á þessu fyrirkomulagi að sömu erlendu fréttirnar birtust í öllum blöðunum, sem að fréttastofunni stóðu og því um litla samkeppni að ræða á þessu sviði, segir þar og síðan að smá saman hafi starfsemi fréttastofunnar á kreppuár-unum fjarað út og henni lokið endanlega 1939. „Þó að *FB* væri kennd við Blaðamannafélag Íslands lifði hún sjálfstæðu lífi og kom félagið lítið nærri henni eftir að hún var sett á fót,“ segir í bók Guðjóns Friðrikssonar.

Það er hins vegar varla tilviljun að Skúli Skúlason var fenginn til að setja fréttastofuna á laggirnar. Hann hefur þekkt til starfsemi fréttastofa blaðanna bæði í Danmörk og Noregi, og sem lifa enn góðu lífi þegar síðast fréttist.

Skúli Skúlason var með annan fótinn í Noregi framan af. Vegna veikinda hafði norski eiginkonu hans verið ráðlagt að flytja aftur heim til Noregs, og Skúli reynt að fylgja henni eftir svo sem mögulegt var. Hann varð um leið að sinna ritstjórn Fálkans. Þegar seinna stríðið skall á var útséð um að hann gæti skroppið á milli eins og áður. Hann vann þann tíma hér heima og bjó á Garði. Um leið varð hann mjög virkur félagi í Blaðamannafélaginu. Hann var kjörinn formaður Blaðamannafélagsins 1941. Hann átti stóran þátt því að koma á laggirnar eins

konar kvöldvökum í útvarpi í nafni Blaðamannafélagsins þar sem ýmsir blaðamenn komu fram með fjölbreytta dagskrá. Allir gáfu vinnu sína og félagið sjálft krafðist engra greiðslna en lét fylgja með að hefði útvarpinu þótt framlagið einhvers virði mætti það gjarnan leggja fram fé í menningarsjóð Blaðamannafélagsins sem þá var nýlega stofnaður. Ekki stóð heldur á greiðslu hjá útvarpinu þótt ekki hefði verið samið um slíkt fyrirfram.

Skúli flutti ávarp í einum útvarpsþættinum sem formaður Blaðamannafélagsins og segja má að hann hafi tileinkað mentor sínum í blaðamennsku, Birni Jónssyni í Ísafold, þáttinn. Enginn var sem hann, segir Skúli í útvarpsávarpi sínu. „Og þetta er sannleikur. Enginn var sem hann og það merkilegasta var að hann var ekki ósnjallari í ræðu en riti,“ segir Skúli og bætir við að nokkru eftir andlát Björns hafi nokkrir vinir hafist handa um að mynda sjóð, sem ætti að vera til minningar um hann. Þetta er Móðurmálssjóður Björns Jónssonar sem enn lifir og verðlaunað hefur margan blaðamanninn á liðnum árum. Þeirra á meðal er Skúli Skúlason sjálfur sem aldrei glataði næmni sinni fyrir íslensku máli þótt hann byggi langdvölum erlendis.

Skúli ætlaði sér aldrei að gegna formennsku í félaginu lengur en eitt ár en þegar sá tími var liðinn lögðu félagar hans innan Bí svo hart að honum að taka formenskuna að sér a.m.k. eitt ár til viðbótar að hann „guggnaði“ eins og segir í fundargerð og féllst á að sinna formenskunni eitt ár í viðbót.

Strax og stríðinu lauk sneri Skúli aftur til Noregs á fund konu sinnar og

barna. Eftir það var Skúli búsettur í Noregi og ritstýrði Fákanaum þaðan þótt hann vísiteraði gömlu fósturjörðina reglulega eða að minnsta kosti einu sinni á ári,

Ekki er samt hægt að ljúka þessari frásögn af Skúla Skúlasyri án þess að nefna þátt hans í að halda uppi tengslum Blaðamannafélags Íslands við norræn bræðrafélög. Skúli var auðvitað þannig í sveit settur að mun ódýrara var að óska eftir því að hann sækti árlega aðalfundi norræna blaðmannasambandsins í Svíþjóð, Finnlandi, Kaupmannahöfn, nú eða Noregi. Skúli rækti þessar skyldur af þeirri samviskusemi sem honum var svo eiginleg. Hann var þó ekki alltaf einn á þessum þingum; stundum áttu félagar hans leið um og sátu með honum á þingunum, en oftast var það hann sem sá um að senda Blaðamannafélaginu skýrslur um hvað gerðist á fundunum.

Í bréfum hans til stjórnar Blaðamannafélagsins og einkum til vinar síns Jóns Bjarnasonar á Þjóðviljanum, sem var ritari félagsins um árabíl og formaður um skeið, má sjá að oft hefur það farið í taugarnar á honum hvað félagar hans hér heima voru seinir til svars, eða hversu seint þeir létu hann vita hvort hann gæti sótt hitt eða þetta þingið/fundinn fyrir félagið. Frekar frumstæð fjarskiptatækni þess tíma hjálpaði varla til.

Væru félagar hans héðan að heiman með í för á þessum þingum, höfðu þeir einn og einn orð á því hversu vel norrænir starfsbræður fögnuðu honum við komuna. Mátti öllum vera ljóst í hvílíkum metum þeir höfðu hann.



Hliðvörðurinn

Úti á túni

Tvístruð sviðsmynd blasir við okkur. Við lesum ekki lengur öll sömu fréttirnar. Þrátt fyrir ofgnótt upplýsinga má alveg halda því fram að sjóndeildarhringur okkar hafi jafnvel þrengst á einhverjum sviðum. Þetta er undarleg staða. Auðvitað er netið stórkostleg uppfinning og hefur fært nýjum hópum rödd – en líka lyft undir lygara og falsara. Við erum dálítið flækt í þessu neti – og meðalinn sem við drögum á land er ekki alltaf kræsilegur.

Margir telja fjölmiðla hreinlega óvinveitta almenningi, í andstöðu við það sem er rétt og gott. Þannig er staðan í Bandaríkjunum. Víðar er mikið óþol í garð hefðbundinna fjölmiðla – líka á Íslandi. Alla daga er hrópað á netinu – á Facebook: Þið sinnið ekki skyldum ykkar! Ritstjórnarvaldið er ekki lengur hjá upplýstum og vísýnum hliðverði, sem telur sig vita hvað fólk þarf að vita! Hver og einn er eiginlega orðinn sinn eigin fjölmiðill.

Um fjölmiðla gilda lög og reglur, skrifadaðar og óskrifadaðar. Fjölmiðlar eiga að upplýsa og veita aðhald. Fjölmiðlar eiga að vera varðhundar – en svoleiðis hundar gera lítið gagn ef þeir gjamma stöðugt. Þá hættir fólk að hlusta. Nú erum við á þannig tímum. Það er mikið gjammað. Æ fleiri loka bara að sér – með sinn snjallsíma og heyrnartól. Velja efni eftir smekk, sleppa jafnvel fréttunum – af því að þær eru svo leiðinlegar eða fjarlægjar lífi viðkomandi. Ef flestir geta sammælst um að fjölmiðlar séu engu að síður mikilvægir fyrir lýðræðið, gegni mikilvægu hlutverki, þá er næst að spyrja: Hvernig sinna þeir skyldum sínum? Í þessu sambandi fara menn fljótt að tala um peninga. Hefðbundnir



Eftir
Óðin Jónsson

fjölmiðlar um allan heim berjast í bökkum. Tekjuforsendur hafa hrunið eða breyst. Risavaxnir ofurmiðlar á netinu soga til sín tekjur – en lúta nánast engu aðhaldi. Þeir fá meira að segja stóran hluta af efninu, sem þeir dreifa, ókeypis – og hefðbundnu miðlarnir borga með sér – borga Facebook og hinum fyrir að dreifa efninu.

Skoðum svolítið hlutverk og getu hefðbundinna fjölmiðla út frá öðru sjónarhorni en því að ógnir steðji að utan og að það vanti einfaldlega meiri peninga til að gera betur – til að geta sinnt lýðræðishlutverkinu. Við sem störfum á fjölmiðlum þurfum að horfa meira inn á við: Hvernig sinnum við okkar skyldum? Eigum við skilið að fá meiri stuðning? Ég sjálfur segi auðvitað: Já! En hvernig ætlum við að endurvinna glatað traust, halda trausti og auka það? Við megum ekki festast í því viðhorfi að við eigum svo mikið bágð að við þolum ekki gagnrýni á okkar störf. Mikilvægast er að við sjálf höfum það betur á hreinu hvað við ætlum að gera.

Það er freistandi að fara í spor gamla kallsins og segja: Við vorum miklu betri í gamla daga. Ekki vegna þess að maður trúir því endilega að það sé rétt, heldur til að meta á hvaða leið við erum. Bera saman aðferðir, vinnubrögð, efnisval og kröfurnar sem hver og einn gerir til eigin verka. Ég

ætla að draga upp einfaldaða mynd: Tilfinningavæðing er mjög áberandi. Netið kyndir þar undir. Það er kjörlendi tilfinninganna. Við höfum líklega ofmetið að skynsemin sigri að lokum – að fólk vilji vera skynsamt. Sú fréttamennska sem ég lærði byggðist á því að leita upplýsinga sem væru eins réttar og mögulegt væri, fara varlega í fullyrðingar, hvað þá að viðra skoðanir og tilfinningar – vera persónulegur. Það varð auðvitað til þess að við sinntum illa stórum sviðum mannlífisins. Allt sem laut að persónulegri reynslu einstaklinga, t.d. kúgun og ofbeldi innan vébanda fjölskyldunnar og í skjóli valdsins var ekki okkar sterkasta hlið lengi vel.

Tilfinningavæðingin, sem ég leyfi mér að nefna svo, hefur sannarlega fært okkur margt – bætt fjölmiðlaumfjöllun að mörgu leyti, fjölmiðlarnir hafa að einhverju leyti færst nær fólkinu. Hins vegar þykir manni oft eins og trúin á skynsamleg mörk umfjöllunar, hlutlægni, vandvirkni – verði undir þessu flóði tilfinninga, skoðana. Þetta hrærist mikið saman. Þá þykir fólki smám saman alveg duga að lesa einhvern hneykslast á Facebook eða vera fyndinn á Twitter. Það var einhver að segja þetta á Facebook! Fjölmiðlar gera mikið af því að bjóða upp á frásagnir sem er eiginlega ætlað að ná í smelli, auka umferð. Þeir segjast þurfa að ná í auglýsingatekjur, selja blöð. Meira að segja RÚV eltir alls konar dellufrásagnir á vefnum, þó þar megi ekki auglýsa! Annars erum við svo leiðinleg, er sagt. Á ekki RÚV miklu frekar að sérhæfa sig í þessu efnislega, brýna og málefnalega, í því



Óðinn Jónsson flytur erindi sitt.

Mynd: Bárna Huld Beck.

sem sannarlega á erindi við almenn-
ing? Leyfum hinum að skemmta!

Ég vil í umræðu um lýðræðislegt
hlutverk fjölmiðla hvetja blaðamenn til
að staldra við og spyrja: Getum við
ekki vandað okkur meira? Í stað þess
að segja bara: Við erum fá og þurfum
að sinna rosalega miklu, fylla netið
stöðugt af einhverju nýju og skemmti-
legu, þá ættum við kannski að stokka
upp spilin. Sinna færri hlutum en
vanda okkur meira. Skilgreina betur
kjarnahlutverkið, áherslur okkar og
vinnuáferðir:

- Vera hlutlægar. Láta ekki duga
að búa til frétt úr órókstuddri full-
yrðingu einhvers á Facebook.
- Vanda betur meðferð heimilda –
geta heimilda!
- Skóla betur nýja starfsmenn.
- Undirbúa betur viðtöl og efnisöflun.
- Við eigum ekki að líða vont málfar
og lélegan og vitlausan texta.
Það eru vörusvik.
- Þurfum við ekki að bæta stíl og
fága betur það sem við látum frá
okkur fara? Er eitthvað hugsað
um stíl? Maður les merkilegar
niðurstöður af rannsóknum blaða-
manna, sem eru síðan raktar í
ólæsilega löngu máli – tungutak-
ið litlaust og leiðinlegt
- Blaðamennska er bókmennta-
grein. Það er veik hefð fyrir því
meðal blaðamanna hér að líta
þannig á fagið. Misskiljið mig

ekki. Margir blaðamenn eru flottir
stíllistar, gera vel, skrifa mjög
góðar greinar og finar fréttir. En
það er of mikið af hinu.

Í þessu sambandi vil ég líka nefna –
með tilvísun í gömlu, góðu dagana –
og það er að almenna fréttahlutverkið
er vanrækt. Við segjum færri fréttir en
áður af landshögum, sprettu, afla-
brögðum, ýmsu smálegu úr héraði.
Þetta þykir ógnarlega gamaldags og
óspennandi. En gæti verið að fyrir
vikið hafi hefðbundnir fjölmiðlar á
vissan hátt fjarlægst fólk? Við þurfum
ekki endilega að fjölga búnaðarfrétt-
um eða slorfréttum, eins og við kölluð-
um þær. Þjóðfélagið hefur breyst. Við
þurfum hins vegar að tengjast betur
daglegu lífi fólks og þörfum. Hvernig
hefur pólski innflytjandinn það?

Það gætir stundum oftrúar á rann-
sóknablaðamennsku. Samt vantar
auðvitað meira af henni, þ.e.a.s. að
beitt sé gagnrýnum og kryfjandi að-
ferðum við efnisvinnslu. En stundum
eru tiltölulega léttvæg mál blásin upp,
eins og um sé að ræða djúpa rann-
sóknablaðamennsku. Undirstaðan á
auðvitað að vera almenn, upplýsandi
og gagnrýnin fréttamennska.

Fjölmiðlar elta samfélagsskvaldrið
of mikið. Þá einhvern veginn flyst rit-
stjórnarvaldið út af ritstjórninni: Mikil
umræða var á samfélagsmiðlum í
dag! Samfélagsmiðlar loguðu!

Hliðvörðurinn er kominn út á tún.

Eða flæktur í netinu. Netvæðingin
hefur gert öll mörk óljósari. Blaða-
menn þurfa að skerpa á hlutverkinu,
finna leiðir til að gera betur, vanda sig
meira. Og kerfið þarf að opna sig
betur, greiða götu almennings að rétt-
um upplýsingum. Láta af leyndar-
hyggjuni.

Stjórnámalmenn verða að skapa
bærileg rekstrarskilyrði – en um leið
gera kröfur til þess að vel sé unnið.
En þeir eiga ekki að hafa bein afskipti
af fjölmiðlum, hvernig þeim er stjórn-
að og hvað þeir taka til skoðunar. Og
þeir eiga ekki stöðugt að grafa undan
fjölmiðlum með rógi og tilhæfulausum
fullyrðingum um óheildarleika og
annarlegan tilgang.

Stjórnámalmenn ættu kannski að
hanga minna á netinu, ekki vera þar í
hálfu starfi sem álitsgjafir. Þeir ættu
frekar að einbeita sér að því að móta
stefnu, skapa lífvænleg skilyrði fyrir
virkt lýðræði. – Ég er samt ekkert að
segja að stjórnámalmenn eigi að þegja
utan þingsalarins! En stjórnámalmenn,
eins og blaðamenn, geta lagt sitt af
mörkum til að aðskilja betur staðreynd-
ir og tilfinningar eða skoðanir.

Fréttir þurfa gæðastimpil vand-
virkni og heilinda – til að greina sig frá
skvaldrinu og falsinu.

*(Að stofni til innlegg sem flutt var á mál-
þinginu Fjölmiðlar á bjargbrún nýrra tíma!
í Þjóðminjasafninu 2. nóvember 2018)*

Viðamiklar réttarbætur á sviði tjáningarfrelsis á Íslandi

Blaðamenn fá bæði belti og axlabönd

Hugsanlega höfum við Íslendingar ekki áður séð jafn stórtæka réttarbót á sviði tjáningarfrelsis eins og birtist nú í afrakstri nefndar sem forsætisráðherra setti á laggirnar í mars síðastliðnum. Nefndinni var ætlað að koma með umbætur á löggjöf á sviði tjáningar-, fjölmiðla- og upplýsingafrelsis. Eiríkur Jónsson lagaprófessor er formaður nefndarinnar og það lá vel á honum þegar blaðamaður hitti hann á efstu hæðinni í Lögbergi. Beinast lá fyrir að spyrja hann af hverju við hefðum ekki séð þessar umbætur fyrr.

„Aðalmálið í öllum frumvörpunum er rýmkun tjáningarfrelsis. Það er mikil réttarbót að þessu og ég tel að þetta hafi verið löngu tímabært,“ sagði Eiríkur. Hann benti á að tillögur um þessar breytingar hafi komið fram fyrir alllöngu síðan og síðustu árin hafi verið vaxandi vilji til að hrinda þeim í framkvæmd en nú sé málið loksins að komast í höfn. Afurðir nefndarinnar sem þegar liggja fyrir er að finna í fimm lagafrumvörpum og einu undirbúningsskjali þar sem lagðar eru til breytingar á löggjöf sem stuðla á að auknu tjáningar-, upplýsinga og fjölmiðlafrelsi. Þessi frumvörp snerta í fyrsta lagi ærumeiðingar, í öðru lagi hatursróræðu, í þriðja lagi tjáningarfrelsi og þagnarskyldu opinberra starfsmanna, í fjórða lagi ábyrgð hýsingaraðila og í fimmta lagi varðveislu og geymd gagna. Sjötta tillaga hópsins felst í undirbúningsskjali fyrir löggjöf um vernd uppljóstrara.

Sem gefur að skilja hljóta blaðamenn einkum að horfa til ærumeið-

ingalöggjafarinnar sem felur í sér breytingu á lögum sem ná allt aftur til 1940. Frumvarpinu er ætlað að færa lagaumhverfi meiðrðamála til nútímahorfs. Í frumvarpinu felst að ákvæði laga um ærumeiðingar verði færð úr almennum hegningarlögum í sérlæg á sviði einkaréttar. Með því myndi Ísland skipa sér í hóp þeirra ríkja sem aflagt hafa refsingar vegna ærumeiðinga í þágu tjáningarfrelsis. Eiríkur bendir á að það hafi orðið ákveðin réttarbót með fjölmiðlalögum sem meðal annars tóku á ábyrgðarröðinni og fela í sér ákvæði sem getur losað blaðamenn undan ábyrgð á ummælum annara sem löngum hefur verið mikill þyrnir í augum blaðamanna. Að sögn Eiríks verður nú gengið enn lengra og blaðamenn alveg fríadír af ábyrgð á útbreiðslu ummæla svo fremi sem þeir eru í góðri trú og sýna tilhlýðilega aðgát. „Það má því segja að blaðamenn fái bæði belti og axlabönd hvað þetta varðar,“ segir Eiríkur. Miklu skipti að blaðamaður sé í góðri trú þegar hann birtir ummæli. Eiríkur segir að vantað hafi upp á að orða þessi sjónarmið í íslenskum lögum.

Það var hinn 16. mars síðastliðinn sem forsætisráðherra skipaði nefnd um umbætur á löggjöf á sviði tjáningar-, fjölmiðla- og upplýsingafrelsis. Auk Eiríks voru í nefndinni; Páll Þórhallsson, skrifstofustjóri í forsætisráðuneytinu, varaformaður, Birgitta Jónsdóttir, stjórnarformaður International Modern Media Initiative (IMMI), Hjálmar Jónsson, formaður Blaðamannafélags Íslands, Sigríður Rut Júlíusdóttir hæsta-

réttarlögmaður, Elísabet Gísladóttir, lögfræðingur í dómismálaráðuneytinu, Þróstur Freyr Gylfason, sérfræðingur í fjármála- og efnahagsráðuneytinu og Elísabet Pétursdóttir, lögfræðingur í mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Nefndin virðist hafa náð að vinna nokkuð hratt og vonir standa til þess að unnt verði að mæla fyrir frumvörpunum á þessu þingi.

Refsingar vegna ærumeiðinga afnumdar

Mestu nýmæli frumvarpsins felast án efa í því að lagt er til að refsingar vegna ærumeiðinga verði afnumdar. Auk þess verði ómerking ummæla, sem úrræði vegna ærumeiðinga, afnummin, sem og núgildandi heimild til þess að dæma fjárhæð til þess að standast kostnað af birtingu dóms. Öll þessi atriði skipta blaðamenn og fjölmiðla miklu enda hafa þeir í mörgum tilvikum setið uppi með slíkar niðurstöður þó eiginleg fangelsisvist hafi ekki fallið á blaðamenn. Eiríkur sagði að slík ákvæði hafi fengið að hanga allt of lengi inni í lögumum þó þróunin hafi verið sú að slíkum heimildum um fangelsisvist hafi ekki verið beitt. „Þetta hefur fengið að lafa furðu lengi í lagasafninu miðað við hvað það er augljóst að það gengur ekki.“

Í stað ærumeiðingarákvæða hegningarlaga komi ný stofnlög þar sem mælt verði fyrir um einkaréttarleg úrræði til að bregðast við ærumeiðingum. Gert er ráð fyrir tvönnu konar úrræðum, miskabótum og bótum fyrir



Eiríkur Jónsson prófessor.

fjártjón. Við beitingu þeirra skuli höfð hliðsjón af sök, efni tjáningar og aðstæðum að öðru leyti. Þá inniheldur frumvarpið ábyrgðarleysisástandur, sem leysa undan ábyrgð í tilteknum tilvikum, en ákvæðum frumvarpsins er ætlað að ná utan um helstu sjónarmið sem lögð hafa verið til grundvallar í dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu og stuðla að því að réttarframkvæmd verði til samræmis við þau sjónarmið. Þar eru kannski mikilvægust ákvæði ef ummæli eru sönnuð og viðkomandi er í góðri trú. Auk þess felst meðal annars í frumvarpinu að hin sérstaka æruvernd sem opinberir starfsmenn hafa notið verði felld úr gildi, sem og hin sérstaka æruvernd sem erlend ríki, fáni þeirra, þjóðhöfðingi og fleiri hafa notið. Að sögn Eiríks mun þetta hafa í för með sér að málflutningur breytist og tekist verði meira á um lykilsjónarmið sem leiða af tjáningarfrelsisákvæðum. Aðspurður sagðist hann telja að ekki væri ástæða til að hafa áhyggjur af því að fjárhæð dæmdra miskabóta myndi hækka. Þvert á móti sagðist hann gera ráð fyrir að upphæð þeirra yrði með svipuðum

hætti og verið hefur. „Auðvitað er slíkt matskennt í hverju og einu tilviki en við megum ekki gleyma því að það er ekki nóg að það samræmist tjáningarfrelsisákvæðum að dæma áfelli, heldur þarf það úrræði sem beitt er einnig að uppfylla kröfur um nauðsyn í lýðræðislegu þjóðfélagi. En okkar hugmynd með þessu hefur verið að einfalda kerfið, við höfum verið með refsingar, miskabætur, ómerkingu og skyldu til að greiða kostnað við að birta dóm. Við erum að hverfa frá öllum þessum fjórum atriðum yfir í að notast eingöngu við bætur. Hugsunin er einmitt sú, að í stað ómerkingar geti komið táknræn krafa um til dæmis eina krónu í bætur. Það tíðkast í Svíþjóð og víðar og snýst þá krafan eingöngu um að menn vilji fá hlut sinn réttan.“

Eiríkur segir að einn meginvandi eldri laga hafi verið sá að þau hafi ekki verið í neinu samræmi við þau sjónarmið sem giltu í reynd. Allt síðan hegningarlögin voru lögfest hafa verið að mótast ýmsar mannréttindareglur, meðal annars í gegnum Mannréttindadómstólinn í Strassbourg sem hafi einnig birst í dómum Hæstaréttar.

Því hafi það að lokum ráðið úrslitum hvort lögmætt væri að takmarka tjáningu samkvæmt mannréttindaákvæðum, miklu frekar en hvort tiltekin ummæli teldust t.d. til móðgunar eða aðdróttunar í skilningi verknaðarlýsinga hegningarlaga. Þannig hafi sjónarmið eins og hvort tiltekin ummæli væru gildisdómur eða ekki eða fælu í sér lögmætt framlag til samfélagsumræðunnar ráðið sífellt meiru.

Frumvarpinu er ætlað að stuðla að því að gildandi lög á þessu sviði, sem og réttarframkvæmd, séu til samræmis við 73. gr. stjórnarskrárinnar og önnur mannréttindaákvæði um tjáningarfrelsi, einkum þau viðmið sem Mannréttindadómstóll Evrópu hefur leitt af 10. gr. Mannréttinasáttmála Evrópu. Frumvarpinu er hins vegar um leið ætlað að tryggja þá æruvernd sem felst í stjórnarskránni og Mannréttinasáttmála Evrópu. Auk þess sem litið var til framangreindra mannréttindaákvæða við vinnslu frumvarpsins var einnig horft til réttarþróunar í öðrum löndum. Undanfarið hefur fjölgað í hópi þeirra ríkja sem farið hafa þá leið sem lögð er til í frumvarp-



Eiríkur ræðir við nemendur sína í HÍ.

inu, þ.e. að afnema refsingar vegna ærumeiðinga. Hefur sérstaklega verið horft til þeirra lagabreytinga sem nýlega tóku gildi í Noregi. „Að þessu leyti erum við Íslendingar hluti af breytingu sem er að eiga sér stað á alþjóðavísu,“ segir Eiríkur.

Þrenging ákvæðis um hatursorðræðu

Annað frumvarp nefndarinnar lýtur að því að þrengja ákvæði almennra hegningarlaga sem leggja refsingu við hatursorðræðu. Þar er að hluta til verið að snúa við rýmkun sem varð á ákvæðinu 2014. Í frumvarpinu felst tillaga að rýmkun tjáningarfrelsis með því að gera kröfu um nánar tiltekinn grófleika eða alvarleika til þess að tjáning varði refsingu sem hatursorðræða.

„Þarna er um að ræða viðbót við hegningarlagaákvæði þar sem gerð er krafa um tiltekinn grófleika. Við erum að færa þröskuldinn aðeins ofar. Við töldum að hatursorðræðuákvæðið hefði verið orðið of opið, tekið til af margra hluta og því gengið lengra en nauðsyn er samkvæmt undirliggjandi

alþjóðasáttmálum til að berjast gegn hatursorðræðu. Þetta gerðist með rýmkuninni 2014 þegar ákvæðinu var breytt. Þarna erum við að reyna að ná betur utan um það sem felst í alþjóðasamningum gegn hatursáróðri. Lykilatriði hér er, að það verði krafa um að háttsemin sé til þess fallin að hvetja til eða kynda undir hatri, ofbeldi eða mismunun. Meira þurfi því til að koma en nú er svo að tjáning varði refsingu samkvæmt ákvæðinu. Að okkar mati var þetta ákvæði helst til opið í ljósi skilgreiningar á hatursáróðri.“ Að sögn Eiríks skiptir m.a. máli hvort verið sé með einhvers konar markvissum hætti að kynda undir hatri eða mismunun. Um leið sé horft til þess að setja ekki sjálfvirkt stopp á „skuggahliðar“ umræðunnar. Stundum sé jafnvel nauðsynlegt að fá að fylgjast með þeim þó það sé ekki á neinn hátt viðurkenning á slíkum skoðunum. Eiríkur benti á að víða mætti sjá merki ákveðins lýðskrums í umræðunni og það gæti verið nauðsynlegt að samfélagið í heild fái að fylgjast með því, öðru vísi væri erfitt að bregðast við með rökum og

umræðu. „Það er mikilvægt að þarna verði ekki til umræða sem við vitum ekkert um. Það er betra að hún fái að koma fram og hægt sé að bregðast við henni, svo fremi sem hún nær ekki því alvarleikastigi að teljast til hatursorðræðu sem á að vera refsiverð samkvæmt alþjóðasáttmálum.“

Í greinargerð frumvarpsins kemur fram að þótt með því sé leitast við að leggja til nákvæmari verknaðarlýsingu hatursorðræðu en er í núgildandi ákvæði er óhjákvæmilegt að beiting ákvæðisins verði áfram háð talsverðu mati. Þar skiptir meðal annars máli að túlka verður ákvæðið hverju sinni í samræmi við þau mannréttindaákvæði og alþjóðaskuldbindingar sem Íslendingar hafa undirgengist.

Opinberir starfsmenn njóti tjáningarfrelsis

Þá lagði nefndin til nýtt frumvarp til laga um breytingu á stjórnsýslulögum, nr. 37/1993, með síðari breytingum (tjáningarfrelsi og þagnarskylda). Með frumvarpinu er lagt til að settar verði skýrar reglur um tjáningarfrelsi og



„Við erum að færa þröskuldinn aðeins ofar. Við töldum að hatusorðræðuákvæðið hefði verið orðið of opið, tekið til of margra hluta og því gengið lengra en nauðsyn er samkvæmt undirliggjandi alþjóðasáttmálum til að berjast gegn hatusorðræðu,“ segir Eiríkur m.a. í viðtalinu.

Þagnarskyldu opinberra starfsmanna í sérstökum kafla sem bætist við stjórn-sýslulögin. Frumvarpið felur í sér meginreglu um að opinberir starfsmenn njóti tjáningarfrelsis. Það verður aðeins takmarkað þegar þörf krefur og þá samkvæmt skýrum og fyrirsjáanlegum lagaákvæðum. Með ákvæðum frumvarpsins um efni þagnarskyldu er leitast við að gera skýrara en nú er til hvaða upplýsinga hún taki, en slíkt er mikilvæg forsenda tjáningarfrelsis. Þá felur frumvarpið í sér að miklum fjölda þagnarskylduákvæða verði breytt í því skyni að fækka þeim og samræma. Frumvarpið hefur einnig að geyma nýmæli um það hvenær stjórnvöldum er heimilt að miðla persónuupplýsingum sem þagnarskylda ríkir um til annarra stjórnvalda.

Að sögn Eiríks snýst þetta frumvarp fyrst og fremst um það að gera reglur um þagnarskyldu skýrari og samræmdari. Þannig ætti opinberum starfsmönnum að verða betur ljóst hvað falli undir þagnarskylduna. „Svo er þetta frumvarp að mæla fyrir um tjáningarfrelsi sem meginreglu. Í stað mjög margra þagnarskylduákvæða, sem finna má víða og opinberir starfsmenn geta átt erfitt með að átta sig á hvað fellur undir, verður þeim vísað yfir í nýjan kafla í stjórnsýslulögunum þar sem tjáningarfrelsi verður meginregla. Þetta gerir opinberum starfsmönnum

auðveldara um vik að átta sig á því um hvað þeir mega tjá sig og ég tel mikilvægt að skýra þetta betur en nú. Opinberir starfsmenn eru margir, með mikla þekkingu og við teljum mikilvægt að þeir geti tekið þátt í opinberri umræðu.“

Þessi þrjú frumvörp sem hér hafa verið rakin eru mikilvæg í allri umræðu um tjáningarfrelsi og munu án efa hafa í för með sér réttarbót á því sviði. Tvö síðustu frumvörpin eru meira tæknilegs eðlis þó þau séu vissulega mikilvæg á sínu sviði.

Breyting á lögum um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu

Ef við lítum snöggt á fjórða frumvarp nefndarinnar þá er þar stefnt að rýmkun tjáningarfrelsis með því að draga úr ábyrgð hýsingaraðila og skyldu þeirra til að taka niður gögn. Verði frumvarpið að lögum verður meginreglan, um að slíkir aðilar beri ekki ábyrgð á gögnum sem þeir hýsa, ekki lengur bundin því skilyrði að þeir fjarlægji eða hindri gögn eftir að hafa fengið tilkynningu um meint brot á ákvæðum höfundalaga, heldur þarf að koma til bein vitneskja þeirra um að um sé að ræða ólöglega starfsemi eða upplýsingar. „Við erum þarna fyrst og fremst að horfa til þess að löglegt efni verði ekki tekið niður.“

Breyting á lögum um fjarskipti

Með frumvarpinu eru lagðar til tvö konar breytingar. Annars vegar að skyldubundin gagnageymd fjarskiptafyrirtækja verði afnumin og hins vegar að skilyrði fyrir aðgangi lögreglu/ákæranda að gögnum fjarskiptafyrirtækja verði hert. Þessar breytingar eru lagðar til í þágu friðhelgi einkalífs og persónuverndar, auk þess sem þær eru jákvæðar fyrir tjáningarfrelsi, samþanber þá hættu sem heimildarmönnum blaðamanna og afhjúpendum getur stafað af eftirliti með hverskyns rafrænum samskiptum.

Þá skilaði nefndin einnig af sér undirbúningsskjal fyrir lagasetningu sem heitir: Áform um lagasetningu um vernd uppljóstrara. Í skjalinu eru kynnt áform um lagasetningu er hafi það markmið að á Íslandi gildi skýr löggjöf um vernd uppljóstrara sem tekur mið af ábendingum alþjóðastofnana og fordæmum þeirra nágrannaríkja sem fela í sér bestu framkvæmdina á sviðinu.

Eiríkur sagðist sjá fyrir sér þrjú áhersluatriði í seinni leggnum. Það lýtur að uppljóstraravernd, upplýsingalögum og að lokum lögbanni. Eiríkur sagði að hugsanlega myndi nefndin skoða fleiri mál en ekki væru nema fjórir mánuðir til stefnu og allt eru þetta stór mál. Áhugavert verður að sjá hvað kemur út úr því starfi.

Ég hef alltaf haft meiri áhuga á umheiminum en innlendum fréttum

Í opnugrein í vikublaðinu Fálkanum frá því í febrúar 1962 var að finna umfjöllun sem bar yfirskriftina „Blaðakonur á Íslandi“. Þar kom fram að blaðakonum hafi fjölgað „ört í seinni tíð“ enda orðnar sjö talsins en hafi fyrir örfáum árum aðeins verið tvær.

Ein þessara sjö blaðakvenna var Margrét R. Bjarnason (Heinreksdóttir frá 1982), sem starfaði í erlendum fréttum á Morgunblaðinu og sagði við Fálkan að það væri „ljómandi gaman að fylgjast með hamaganginum í heiminum“. Margrét var blaðamaður á Morgunblaðinu frá því í desember 1959 fram til 1975 með tveggja og hálfis árs hléi frá 1968-1971 og síðan fréttamaður á Ríkisútvarpinu, með hléum, bæði í sjónvarpi og útvarpi á árunum milli 1975 og 1987. Eftir það fór hún að sinna ýmsum öðrum störfum sem lögfræðingur, var m.a. fulltrúi hjá bæjarfógeta og sýslumanni, settur héraðsdómari í 2 ár, ráðgjafi hjá UNIFEM í Kosovo, framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofu Íslands og kennari við Háskólann á Akureyri. Hún býr nú í Vaðlaheiðinni þar sem hún horfir yfir Eyjafjörðinn og nýtur friðsældar og fegurðar – og fylgist með fréttum, innlendum á RÚV og netmiðlunum og af heimsmálunum á erlendum fréttastofum. Þar hittum við

hana og sýnum henni úrklippuna úr Fálkanum. Hún skoðar hana og þekkir greinilega allar konurnar, en af þessum sjö voru fjórar af Morgunblaðinu. Tvær nefnir hún sérstaklega, sem voru þá þegar brautryðjendur kvenna í blaðamennsku og glæsilegir fulltrúar blaðamannastéttarinnar, þær Elínu Pálmadóttur og Margréti Indriðadóttur. Aðspurð um hlutföll kvenna sagði Margrét það vissulega hafa verið konum óhagstætt, þær hafi e.t.v. verið um fjórðungur blaðamanna á ritstjórn Morgunblaðsins á sínum tíma.

Fréttir á börunum

„Þetta var mikil vinna og við unnum jafnvel oft fram undir morgun. Vinnutíminn átti að vera frá kl. eitt til átta og tveir 12 tíma vaktadagar í viku en við vorum oft ekki búin fyrr en um níu og þá var eftir að sinna heimilisstörfum, elda mat og koma krökkum í rúmið. Ég var held ég fyrsta blaðakonan fyrir utan Margréti Indriðadóttur sem var með heimili og fjölskyldu. Elín Pálma kaus að vera ein og helga sig starfinu og var þess vegna frjálsari. Ég man að einhvern tíma vorum við að fá okkur hvítvínsglas, sem við gerðum stundum eftir vinnu, og þá kom einhver kollega minna til mín og lagði

höndina á öxlina á mér og sagði: „Já, Magga mín, þú ert nú alveg ágætur blaðamaður en vandinn við þig er að þú ferð alltaf heim eftir vinnu í staðinn fyrir að kíkja á veitingahúsin. Það gengur bara ekki því að á börunum fær maður fréttirnar,“ segir Margrét og brosir svolítið að þessari minningu.

Erlendar fréttir

Margrét segir áhuga sinn alltaf hafa staðið til erlendra mála. „Fljótlega fór Matthías [Johannessen, ritstjóri] að ýja að því við mig hvort ég vildi ekki fara í erlendar fréttir, m.a. vegna minna heimilisáðstæðna. Margir héldu að mér þætti ég setja niður við það að fara úr innlendum fréttum í erlendar og að ég væri óánægð með þetta en sannleikurinn var sá að ég var himinlifandi því mér leiddist óskaplega að skrifa margar þessar innlendu fréttir. Ég hafði afar takmarkaðan áhuga á fallþunga dilka og lítinn áhuga á að tala við útgerðarmenn um sjávarútveg, sem ég hafði þó vissulega nokkurn áhuga á og vissi hversu mikilvæg þessi grein var, m.a. eftir að hafa átt heima á Hjalteyri um árabíl. En útgerðarmenn voru sumir bæði ókurteisir og karlrembur og töluðu svo niður til blaðamanna að þetta höfðaði



Ritstjórn Morgunblaðsins á 50 ára afmælisárinu 1963. Þarna eru blaðamenn orðnir fleiri en þegar Margrét byrjaði.

ekki til mín. Ellu hins vegar (Elínu Pálmadóttur) tókst einhvern veginn smám saman að setja þá „þá plads“ og hún lét þetta ekkert á sig fá. Ég hafði hins vegar mun meiri áhuga á umheiminum en íslenski pólitík eða íslenskum smáfréttum. Ástæðuna held ég megi rekja til bernskuáranna þegar ég vandist á að hlusta á fréttir úr stríðinu, ég var jú á fjórða ári þegar heimsstyrjöldin síðari hófst. Við móðir mín bjuggum í húsi afa og ömmu í Skerjafirðinum og þar var alltaf hlustað á fréttir, sem þá voru á matmálistímum. Þá vildi svo til að einn tengdasona þeirra vann hjá loftvarnarnefnd og allir höfðu mikinn áhuga á því sem hann var að gera en það tengdist jú allt stríðinu. Mín fyrstu kynni af veröldinni eru því í raun stríðið og ég held megi segja að ég hafi nánast drukkið fréttir af tíðindum utan úr heimi með móðurmjólkinni. Ég hef alltaf haft – og hef enn – mun meiri áhuga á umheiminum en íslenskum fréttum, verð reyndar nánast sorgbitin þegar ég hlusta á þrasið í íslenskum stjórnmálum sem móta allt okkar ytra líf og aðstæður.“

Eftirvinnan

Erlend málefni urðu því snemma viðfangsefni Margrétar á Morgunblaðinu. Hún segir að kannski hafi Matthías séð að hún væri ekki efni í blaðamann sem gæti „hangið á börnum“ og kannski að hluta til vegna heimilisáðstæðna hennar. Hún gat þá tekið heim með sér efni til þýðinga og unnið við þær á kvöldin. Þetta þýðingarálag óx talsvert en „ég hafði samt gaman af þessu og lærði auðvitað heilmargt,“ segir Margrét. „En þetta aukna álag og vinnan sem ætlast var til af okkur varð til þess að við fórum að gera kröfu um að fá eftirvinnu greidda, að skilgreindur yrði tiltekinn dagvinnutími og greidd yrði eftirvinna eftir það. Frá því að ég byrjaði á blaðinu rétt í árslok 1959 og þangað til ég fór til að eiga yngri dóttur mína í árslok 1968, var ekki borguð nein eftirvinna og í raun engin takmörk á vinnutímanum. Þá þótti alveg sjálfsagt að blaðamenn ynnu bara og ynnu – já hugsunarhátturinn var þessi – að blaðamenn mættu hreinlega þakka fyrir að vera blaðamenn! Slíkt var nú sjálfsálit blaðaútgefenda,“ segir hún.

Jafnréttismálin

Þegar Margrét er spurð út í hugmyndir og umræðu um jafnréttismál á þessum árum segir hún þau mál ekki hafa brunnið heitt á sér framan af. „Við vorum öll með sömu laun og ég man að ég hækkaði mjög ört í launum fyrstu tvö árin, fékk ný og ný verkefni og launahækkun í hvert sinn. Við konurnar á ritstjórninni, a.m.k. við Elín Pálma, vorum sendar til útlanda öðru hverju í fréttadóflun, rétt eins og strákarnir. Hins vegar var ekki hlaupið að því að fá viðurkennda í haus umsjón með blöðum og þar held ég að glerþakið margfræga hafi kannski helst birst okkur,“ segir Margrét.

Hins vegar hafi þessi mál farið að sækja á hana er fram í sótti, þegar hún fór að skoða betur umhverfi sitt bæði hér heima og erlendis. Þá hafi hún séð hvernig staðan var í raun og veru, og smám saman farið að kynna sér og lesa um jafnréttismál. „Svo kynnist ég þarna á blaðinu konu sem hafði mikil áhrif á mig og talaði nánast eins og út úr mínu hjarta, en það var Svava Jakobsdóttir sem var á Lesbókinni,“ segir Margrét og minnst



Margrét Heinreksdóttir á skrifstofu sinni.

sérstaklega á leikrit Svövu „Hvað er í blýhólknunum?“ og hversu mikill vendipunktur það leikrit varð í umræðunni. „Þetta var mikill stjórnuleikur hjá Bríeti Héðinsdóttur og ég gleymi aldrei þessari uppfærslu í lönó.“ Kynni þeirra Svövu urðu til þess að Margrét tók að sér útvarpsþáttinn „Við sem heima sitjum“ eftir að Svava hætti með hann, en sá þáttur hafði verið með femínískum undirtóni hjá Svövu og varð áfram undir stjórn Margrétar. Hún skrifaði einnig blaðagreinar um jafnréttismál um miðbik sjöunda áratugarins. Aðspurð um hvort þetta hafi ekki mælst illa fyrir á Morgunblaðinu, kvað hún svo ekki vera, enda gert með samþykki Matthíasar Johannessen. Margrét segir að hún hefði aldrei gert neitt nema fá hans samþykki fyrir því fyrst, ekki af því að þess hafi verið krafist, heldur hafi sambandið bara verið þannig milli hans og blaðamannanna, það hafi gilt um þau öll, sumir strákanna hafi t.d. verið fréttaritarar fyrir erlendar fréttastofur.

Matthías leiðtogi


„Ritstjórnarnir á Morgunblaðinu voru afskaplega „liberal“ og bara yndislegir menn. Við vorum öll svo mikið „börnin“ hans Matthíasar og svo miklir stuðningsmenn þess sem hann var að gera, að við hefðum vaðið eld og brennistein fyrir hann – eða með honum öllu heldur – því hann var alltaf með í öllu sem gerðist þarna fyrstu árin. Ef eitthvað mikið var um að vera kom hann, jafnvel um eða eftir miðnætti hafði kannski snarað sér í buxur yfir náttfötin og kom á inniskónum! Hann var afskaplega lifandi ritstjóri. Ég var raunar fyrsti blaðamaðurinn sem hann réð eftir að hann varð ritstjóri, en hann vann hug hópsins smám saman og var óskoraður leiðtogi á ritstjórninni.“ Margrét hafnar því alveg að flokkspólítík hafi sviðið yfir vötnunum á ritstjórninni, alltént ekki þeim hluta sem hún tilheyrði. „Ritstjórninni var nefnilega tvískipt. Við vorum þarna á 2. hæð í Aðalstrætunni og ritstjórnarskrifstofunum skipt sitt

hvorum megin við stigagang. Í syðri hlutanum var aðalritstjórinn og blaðamennirnir en í þeim nyrðri voru pólitísku ritstjórnarnir og pólitískir skríbentar. Við litum frekar niður á þessa deild. Það vantaði ekki hrokann í okkur, en við töldum að við værum hinir einu sönnu blaðamenn,“ segir Margrét og hlær við. „En mottóið hjá Matthíasi var: Enga pólitík í fréttum og skilja gjör samlega milli skoðana og fréttu.“

Breyttir tímar

Margrét eignaðist yngri dóttur sína á gamlárskvöld 1968 og hætti á Morgunblaðinu í tengslum við það. Ekki var fæðingarorlofi fyrir að fara og hún kom ekki aftur til starfa fyrr en að tveimur og hálfu ári liðnu. Þá tók við tími þar sem hún gekk í svipuð störf og áður en þróunin í heimsmálum var að mörgu leyti erfið Morgunblaðinu, einkum vegna Víetnamstríðsins. Morgunblaðið eða ritstjórn þess stóðu með Bandaríkja-stjórn en flestir blaðamennirnir voru

henni andvígir og segist Margrét þá hafa farið að finna fyrir öflugri ritstýringu yfirmanna en áður, jafnvel ritskoðun á fyrisögnum. Þegar kom fram á árið 1974 átti Margrét rétt á svokölluðu þriggja mánaða frí og hafði þá hug á að heimsækja ættingja í Mið-Ameríku. „Ég lét ritstjórnann vita af þessum áformum mínum og sló því sísvona fram að það hefði nú verið gaman að geta farið á Hafréttarráðstefnu SP í leiðinni, en fyrsti vinnufundur hennar var haldinn sumarið 1974 í Caracas í Venúsúela. Matthías gaf í sjálfu sér ekkert út á þetta fyrst, en kom svo til mín svoltið seinna og sagði: „Ef þú er tilbúin að fara á ráðstefnuna þá getum við greitt það sem upp á vantar í fargjaldinu og haldið þér uppi í 2 vikur í Caracas. Þú fylgist þá með og sendir okkur fréttir.“ Og þangað fór ég og varð afskaplega hugfangin af þessari tilraun þjóðanna til að koma sér saman um hin mörgu og flóknu ágreiningsefni sem tengdust hafinu og nýtingu þess. Ég gerði mér ekki grein fyrir því fyrr en þarna í Caracas hvað hafréttarmálin væru margslungin. Þetta voru ekki bara fiskveiði- og landhelgisdeilur, heldur og um allt mögulegt, um sund, flóa, eyjar, hernað, öryggismál, mengun og margt fleira. Þetta var svo fjölbreytt og spennandi að ég fékk þá hugmynd að mikið væri gaman að læra um alþjóðarétt,” segir Margrét.



Hér er Margrét að reyna að heyra hvað var á segulbandi þar sem teknar höfðu verið upp fréttir BBC. Skilyrði til að hlusta voru afar misjöfn og oft afar slæm og erfitt að skilja hvað sagt var.

Kongó og aftur Kongó

Þetta, ásamt því að Margréti þótti hún vera farin að staðna og umbreytast í húsgagn á Morgunblaðinu, ýtti við henni og þegar enn og aftur kom til átaka í Kongó fannst Margréti hún farin að hjakka í sama farinu. „Þegar ég var að byrja á blaðinu um áramótin 1960 skrifaði ég mikið um Kongó, og var nú aftur farin að gera það. Mér fannst ég komin í hring!“ Hugurinn stefndi æ meira í að nema þjóðarétt, en það var ekki hægt að gera hér heima því að í Háskóla Íslands var hann aðeins kenndur lítillega sem valfag. „Ég hafði ekki tók á að fara í nám erlendis vegna heimilisins og því varð úr að fara fyrst í lögfræðina.“ Hún ákvað því að hætta á Morgunblaðinu. „Þetta var mjög

erfið ákvörðun af ýmsum ástæðum. Morgunblaðið hafði verið mjög skemmtilegur vinnustaður og starfið allvel launað, ritstjórnarnir höfðu ávallt reynt mér afskaplega vel og þarna átti ég skemmtilega og litríka félag. En mér fannst ég verða að breyta til og öðlast öðruvísi reynslu og þekkingu.”

Lögfræðin og RÚV

Margrét hafði þó ekki alveg sagt skilið við blaðamenskuna því henni bauðst starf á fréttastofu Ríkisútvarps. Hana langaði að læra betur á þann miðil og þar starfaði hún þar til hún skráði sig í lögfræði í HÍ 1977. Hún segir útvarpið hafa verið góðan vinnustað og þar hafi hún fengið tækifæri til að skrifa fréttar

skýringar, sem henni hafi þótt sérstaklega áhugavert. „Þar þroskaðist ég mjög mikið,“ segir hún „og þar var betri bókakostur til að styðjast við heldur en hafði verið á Morgunblaðinu.“ En hugurinn stóð til lögfræðinámsins. Margrét lauk þar fyrrihlutaþrófi 1979 en síðan tók við erfiður tími veikinda og skilnaðar. Haustið 1982 bauðst henni aftur starf hjá Ríkisútvarpinu, að þessu sinni hjá Sjónvarpinu og enda þótt náminu væri ekki lokið þáði Margrét það starf enda aftur orðin eina fyrirvinna heimilisins. Emil Björnsson, þáverandi fréttastjóri, hafði talað um það sérstaklega að hann vildi ráða hana vegna reynslunnar af fréttaskýringum úr útvarpinu. „Ég fékk frí úr háskólanum í tvö ár til að fara í þetta,



og fékk svo aftur fri frá sjónvarpinu 1984 til að klára námið! Þannig að ég var svona úti og inni í náminu á þessum tíma sem var dálítið maus en það blessaðist.“ Margrét var á sjónvarpinu til 1987, en þá hætti hún og fór að starfa sem lögfræðingur. Haustið 1998 dreif hún sig svo í framhaldsnám í þjóðarétti og mannréttinda- og mannúðarrétti í Lundi, sem hafði alltaf verið markmiðið þótt að því lægju ýmsar leiðir og lengri tími en til stóð.

Nýr kafli

Segja má að þar með ljúki ferli hennar í blaðamennsku, en við tók nýr ferill í lögfræðistörfum, félagsmálum, mannúðar- og mannréttindamálum. En hvernig skyldi Margrét, sem árum saman var í brautryðjendasveit umbreytinga í blaðamennsku, hafa upplifað fréttirnar og blaðamenskuna eftir að hún hafði stigið út úr henni og jafnvel orðið fréttæfni sjálf? „Ég hugsaði nú ekki mikið um það. Ég útilokaði mig frá daglegum

fréttum og fylgdist lítið með. Þó verð ég að viðurkenna að atburðirnir í kringum hrun Berlínarmúrsins og kommúnismans í Austur-Evrópu voru þess eðlis, að ég hefði gjarnan viljað vera þá í blaðamennsku, enda hafði ég farið tvívegis til Sovétríkjanna, kynnt mér ástandið þar á sínum tíma og lengi fylgst talsvert með hræringunum innan hins sósíalíska heims. Á 50 ára afmæli sovésku byltingarinnar, haustið 1967, gaf Morgunblaðið út sérstakt afmælisblað, sem mér var falið að sjá um að öllu leyti,“ segir Margrét.

Ólíkir miðlar

Hún segir erfitt að bera saman vinnustaðina RÚV og Morgunblaðið þegar horft sé í baksýnisspegilinn, báðir hafi þeir verið góðir á sinn hátt. „Þetta voru ólíkir miðlar og ekki rétt að vera að bera þá mikið saman, en þó má segja að lífsandinn hafi verið sérstaklega áberandi á Morgunblaðinu, enda skrifuðum við þar ekki undir nafni

nema viðtöl, okkar eigin fréttir erlendis frá og stærri greinar. Einstaklingurinn var hins vegar eðlilega meira áberandi í útvarpi og sjónvarpi.“ Um fréttamennsku samtímans vill Margrét ekki dæma, hennar starfstími í fjölmiðlum hafi lotið allt öðrum lögmálum en fréttamennskan gerir í dag og hún geti illa sest í eitthvert dómarasæti yfir fólk og fjölmiðlum sem hún þekki ekki af eigin raun. Hins vegar segist hún dást að því unga fólk sem í dag iðkar rannsóknarblaðamennsku við erfiðar aðstæður og reynir að draga fram í dagsljósið ýmiss konar ósóma sem ekki eigi að líðast. „Enda þótt mér sýnist ýmislegt megi betur fara í fjölmiðlunum er starf rannsakeranna til fyrirmyndar. Þannig á fjölmiðlunin að vera. Það er svo brýnt fyrir þjóðina, að kafað sé ofan í djúpin og sannleikurinn leiddur í ljós, ekki aðeins um staðreyndir fréttænna atburða heldur og um orsakir þeirra og afleiðingar,“ segir Margrét að lokum.

BG

Hvað þýðir hvað?

Af gefnu tilefni þykir ástæða til þess að rifja upp hvað sé átt við með hugtökunum „on record“ eða „off record“. Flestir blaðamenn nota þetta og fleiri hugtök meira og minna daglega, enda er hér um að ræða alþjóðlegt tungutak sem hefur alveg sérstaka merkingu. Til áréttingar og fróðleiks fyrir nýja félagar er ekki úr vegi að rifja upp þessi helstu alþjóðlegu hugtök, en fjögur hugtök (úr ensku) eru yfirleitt notuð um samskipti við heimildarmenn og viðmælendur:

- 1. On the record** (hafa eftir e-m): Allt sem sagt er gæti verið notað í fréttina og hver sagði hvað. Fullt nafn viðmælanda og hver tengsl hans við málið eru.
- 2. Off the record** (í trúnaði): Blaðamaðurinn/fréttamaðurinn getur ekki notað þessar upplýsingar – hvorki með því að vísa til heimildarmanns eða með því að vísa ekki til hans. Blaðamaðurinn getur hins vegar notað upplýsingarnar til að halda áfram að rannsaka mál eftir öðrum leiðum.

3. On background (hafa ekki eftir e-m): Hægt er að nota það sem sagt er – líka sem beina tilvitnun – án þess þó að nafngreina þann mann sem verið er að vitna í. Venjan er þá að benda á hversu mikið viðkomandi tengist málinu.

4. On deep background (hafa alls ekki eftir): Mjög viðkvæmt að tengja heimildarmanninn við þessar upplýsingar og ekki má vitna beint í hann. Upplýsingunum má hins vegar koma á framfæri, en án þess að bera heimildina fyrir því. Hægt að fá staðfestingu annars staðar.

Rétt er að undirstrika að þessi hugtök hafa enga formlega lagalega stöðu né hafa fengið afgreiðslu hjá einhverri formlegri stofnun eða aðila í samfélaginu. Hins vegar er hér um að ræða alþjóðlegan skilning blaðamanna, sem gildir að sjálfsögðu um íslenska blaðamenn jafnt sem aðra.

Siðareglur BÍ

Í starfi sínu hafa blaðamenn allra fjölmiðla jafnan í huga grundvallarreglur manlegra samskipta og rétt almennings til upplýsinga, tjáningarfrelsis og gagnrýni.

1. grein

Blaðamaður leitast við að gera ekkert það, sem til vanvirðu má telja fyrir stétt sína eða stéttarfélag, blað eða fréttastofu. Honum ber að forðast hvaðeina sem rýrt gæti álit almennings á starfi blaðamanns eða skert hagsmuni stéttarinnar. Blaðamaður skal jafnan sýna drengskap í skiptum sínum við starfsfélaga.

2. grein

Blaðamanni er ljós persónuleg ábyrgð á öllu sem hann skrifar. Hann hefur í huga að almennt er lítið á hann sem blaðamann þó að hann komi fram utan síns eiginlega starfssviðs, í riti eða ræðu. Blaðamaður virðir nauðsynlegan trúnað við heimildarmenn sína.

3. grein

Blaðamaður vandar upplýsingaöflun sína, úrvinnslu og framsetningu svo sem kostur er og sýnir fyllstu tillitssemi í vandasömum málum. Hann forðast allt, sem valdið getur saklausu fólki, eða fólki sem á um sárt að binda, óþarfa sársauka eða vanvirðu.

4. grein

Það telst mjög alvarlegt brot þiggi blaðamaður mútur eða hafi í hótunum vegna birtingar efnis. Blaðamenn skulu hafa ríkt í huga hvenær almennt öryggi borgaranna, sérstakir hagsmunir almennings eða almannaheill, krefst nafnbirtingar. Í frásögnum af dóms- og refsimálum skulu blaðamenn virða þá meginreglu laga að hver maður er talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð.

5. grein

Blaðamaður varast að lenda í hagsmunaágreiningi, til dæmis með því að flytja fréttir eða frásagnir af fyrirtækjum eða hagsmunasamtökum þar sem hann á sjálfur aðild. Hann skal fyrst og síðast gæta hagsmuna lesenda og sóma blaðamannastéttarinnar í nafni starfs síns. Blaðamaður hefur í skrifum sínum sannfæringu sína að leiðarljósi. Hann gætir þess að rugla ekki saman ritstjórnarlegu efni, sem hefur augljóst upplýsinga- og fræðslugildi, og auglýsingum í

myndum og/eða máli. Siðareglur þessar setja ekki hömlur á tjáningarfrelsi blaðamanna sem skrifa undir fullu nafni afmarkaða þætti í fjölmiðlum, til dæmis gagnrýni, þar sem persónulegar skoðanir höfundar eru í fyrirrúmi.

6. grein

Hver sá sem telur að blaðamaður hafi brotið framangreindar reglur og á hagsmuna að gæta, getur kært ætlað brot til Siðanefndar BÍ innan 2ja mánaða frá birtingu, enda sé mál vegna birtingarinnar ekki rekið fyrir almennum dómstólum á sama tíma. Áður skal hann þó leita leiðréttingar mála sinna hjá viðkomandi fjölmiðli. Þó getur Siðanefnd úrskurðað um undanþágur frá leiðréttingarkröfum vegna annarra aðstæðna. Siðanefndin tekur kærana fyrir á fundi innan viku og kveður upp rökstuddan úrskurð svo fljótt sem kostur er. Taki Siðanefnd kærurnar til efnislegrar athugunar skal hún kanna heildarumfjöllun um málið í hinum kærða fjölmiðli. Kærða skal gefinn kostur á að gera grein fyrir sjónarmiði sínu. Siðanefnd greinir brot í flokka eftir eðli þeirra:

- ámælisvert
- alvarlegt
- mjög alvarlegt

Úrskurði Siðanefndar verður ekki áfrýjað. Úrskurð Siðanefndar ásamt rökstuðningi skal birta í heild í Félagstíðindum BÍ svo fljótt sem verða má. Úrskurð Siðanefndar skal senda viðkomandi fjölmiðli við fyrsta hentugleika og með ósk um birtingu ef um brot samkv. skilgreiningu b) og c) er að ræða. Þremur dögum seinna skal senda úrskurðinn öðrum fjölmiðlum. Meginniðurstaða nefndarinnar skal birt orðrétt. Við framsetningu fréttar af úrskurðum Siðanefndar sýna blaðamenn alla þá aðgát sem reglur þessar ætlast til. sbr. 1. og 2. grein að framan. Nú telur stjórn BÍ að gengnum úrskurði Siðanefndar að brot sé svo alvarlegt að frekari ráðstafana sé þörf og getur hún þá borið undir félagsfund tillögu um vitar á viðkomandi blaðamann enda sé þeirrar ætlunar getið í fundarboði. Nú bera ummæli ekki með sér hver sé höfundur þeirra eða viðkomandi blaðamaður er utan BÍ og gengur þá úrskurður svo sem ritstjóri og/eða ábyrgðarmaður eigi beina aðild að. Þótt enginn þessara aðila sé í BÍ getur Siðanefnd allt að einu lagt fram rökstutt álit um kæruefni.

Ekki brotlegur við siðareglur BÍ

Mál nr. 1/2018-2019

Kærandi:

Finnur Magnússon, lögmaður, fyrir hönd ónafngreindra aðila.

Kærði:

Eyjafréttir.

Kæruefni:

Viðtal Eyjafrétta við ónafngreinda aðila um tálmun við umgegni við barnabörn, birt 9. maí 2018.

Málsmeðferð

Málið var kært með bréfi dagsettu 5. júlí 2018. Siðanefnd gekk úr skugga um að málið væri tækt til úrskurðar. Skilyrði til þess reyndust uppfyllt og því var leitað viðbragða hins kærða miðils, Eyjafrétta. Svar Eyjafrétta dagsett 25. júlí 2018 var síðan tekið fyrir á fundi nefndarinnar 7. ágúst og úrskurður kveðinn upp þann 14. ágúst. Þrátt fyrir að nöfn kæranda komi fram í kæru Finns Magnússonar og að ekki sé óskað nafnleyndar, kýs siðanefnd, í ljósi aðstæðna, að birta ekki nöfn þeirra.

Málavextir

Kærandi, Finnur Magnússon, lögmaður, fyrir hönd umþjódenda sinna, telur að með birtingu umrædds viðtals Eyjafrétta undir fyrirsögninni „Nánast aldrei hitt barnabörnin þrátt fyrir að búa á sömu eyjunni“ hafi fjölmiðillinn gerst brotlegur gegn siðareglum Bláðamannafélags Íslands. „Kærendur telja að Eyjafréttir hafi með tilvísadri umfjöllun brotið gegn 3. gr. siðareglna Bláðamannafélags Íslands með því að vanda ekki upplýsingaöfl-

un sína, úrvinnslu og framsetningu svo sem kostur var.“

Kærendur kröfðust þess með bréfi til Eyjafrétta dagsettu 28. júní 2018 að Eyjafréttir leiðréttu frásögn sína og drægu umfjöllunina til baka. „Með vísan til framangreinds er farið fram á það að Eyjafréttir leiðrétti þessa umfjöllun sína með því að birta yfirlýsingu þess efnis að fjölmiðillinn dragi umfjöllunina til baka á þeim grundvelli að upplýsingaöflun, úrvinnsla og framsetning hafi ekki verið vönduð í skilningi 3. gr. siðareglanna, enda hafi ekki verið leitað athugasemda, leiðréttinga eða sjónarmiða þeirra sem umfjöllunin laut að.“

Þessari kröfu hafnaði ritstjóri Eyjafrétta, Sara Sjöfn Grettisdóttir, en „Ef umþjódendur þínir óska eftir því að koma sínum sjónarmiðum á framfæri í Eyjafréttum þá er hægt að skoða það.“

Ritstjóri Eyjafrétta hafnar því að fjölmiðillinn hafi á nokkurn hátt brotið gegn siðareglum Bláðamannafélags Íslands. „Skýrt kemur fram í grein þessari er birtist í Eyjafréttum 9. maí sl. að um er að ræða reynslusögu aðila í Vestmannaeyjum. Umfjöllunin sem slík er alfarið byggð á lýsingum þeirra aðila sem segja söguna og Eyjafréttir dregur engar ályktanir eða fellir nokkra dóma um málefnið.“

Það skal tekið skýrt fram að umfjöllunin byggir ekki á viðtölum við einn aðila, eins og haldið er fram í kæru, heldur fleiri sem voru sammála um málavexti. Þá lágu fyrir pappírar, ljósmyndir og frekari gögn sem studdu sögu þeirra.

Í samráði við aðila var ákveðið að hafa umfjöllunina nafnlaus og gæta

nafnleyndar að öllu leyti. Munu Eyjafréttir halda þann trúnað sem þar var heitið. Vestmannaeyjar eru rúmlega 4 þúsund manna samfélag. Eyjafréttir telja að það sé alls ekki hægt að ganga út frá því að „auðvelt var, þrátt fyrir nafnleynd, að komast að því hverjum umfjöllunin snéri að,“ eins og það er orðað í kærubréfi. Þar sem um nafnlausu umfjöllun var að ræða var eðlilega ekki haft samband við þá aðila sem lýsing þeirra er viðtalið gáfu átti við.“

Í greinargerð ritstjórans kemur ennfremur fram að kærendur hafi ekki þegið boð um að koma sjónarmiðum sínum á framfæri

Umfjöllun

Megininntak kærunnar er annars vegar að viðtalið skuli hafa verið birt án þess að þeim sem umfjöllun þess beindist að, skuli hafa verið gert viðvart um viðtalið og að þeir hafi ekki fengið að koma fram athugasemdum sínum við viðtalið.

Hins vegar er það mat kæranda að lýsing sú sem fram kemur í hinu kærða viðtali, sé igildi nafnbirtingar. „Þrátt fyrir að haldið sé leyndu nafni viðmælandans og þeirra sem um er rætt, er engum blöðum um það að fletta hver viðmælandinn er og um hverja er rætt. Í litlu bæjarfélagi á borð við Vestmannaeyjar veit það hver sem vill.“

Umræða um tálmun hefur verið áberandi undanfarin misseri og hafa slík mál komið til kasta siðanefndar. Það er álit nefndarinnar að umfjöllun fjölmiðla um tálmun eigi fyllilega rétt á sér, enda sé þess gætt að vanda

hana í hvívetna. Samhliða viðtalinu fjalla Eyjafréttir um tálmun almennt og rétt afa og ömmu til að umgangast barnabörn sín. Það er gert með viðtölum við félagsráðgjafa, sálfræðing og fulltrúa hjá sýslumanni til að varpa ljósi á réttarstöðuna. Að því leyti til er umfjöllun Eyjafrétta vönduð og upplýsandi. Blaðið hafnaði kröfu kæranda um að draga viðtalið til baka, en bauð þeim að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Það boð var ekki þegið.

Hvað nafnleynd varðar og hvort

auðvelt sé að greina hver sé viðmælandi og þeir sem um er rætt, getur síðanefnd ekki metið. Það hlýtur alltaf að vera svo að þeir lesendur, sem þekkja til mála, geti greint um hverja er fjallað hverju sinni, en aðrir ekki. Hjá því verður aldrei komist, hvernig sem um hnútana er búið.

Mat síðanefndar er að Eyjafréttir hafi með hinu kærða viðtali og tengdri umfjöllun fjallað á faglegan hátt um málefni sem er ofarlega á baugi og ekki farið á svig við siðareglur BÍ.

Úrskurður

Kærður fjölmiðill, Eyjafréttir, hefur ekki gerst brotlegur við siðareglur BÍ.

Reykjavík, 14. ágúst 2018
Björn Vignir Sigurpálsson
Hjörtur Gíslason
Ásgeir P. Arnason
Friðrik Þór Guðmundsson
Róbert H. Harldsson

Fréttablaðið brotlegt Sveinn Arnarsson ekki

Úrskurður í máli 2, 2018/2019.

Kærandi:

Eiríkur Gunnsteinsson, lögmaður f.h. ónafngreinds aðila.

Kærði:

Sveinn Arnarsson, blaðamaður, og Fréttablaðið.

Kæruefni:

Viðtal við Hildi Björk Hörpudóttur, Auði Emilíu Hildardóttur og Markús Pál Bjarma Hildarson, í Fréttablaðinu 19. maí 2018.

Málsmeðferð

Kæran er ódagsett en barst skrifstofu BÍ um miðjan júlí 2018. Fjallað var um kærana á fundum Síðanefndar 7. og 30. ágúst 2018.

Málavextir

Kærandi á börnin Auði Emilíu og Markús Pál með Hildi Björk. Eftir skilnað þeirra tók við löng og erfið umgengnisdeila. Sýslumaður úrskurðaði tiltekna umgengni barnanna við kæranda en Hildur tálmaði henni eftir að umgengni hafði varað í nokkurn tíma. Sýslumaður úrskurðaði þá Hildi til að greiða dagsektir í ríkissjóð vegna þess árið 2009. Þrátt fyrir það tálmaði Hildur áfram umgengni og kærandi kveðst síðan hafa gefist upp á tilraunum til að fá umgengni. Kærandi telur að birting viðtalsins, vinnubrögð og efnistöð blaðamannsins, ritstjóra Fréttablaðsins og útgefanda þess hafi verið í andstöðu við siðareglur BÍ og góða starfshætti blaðamanna og fjölmiðla. Í viðtalinu lýsa börnin, sem nú

eru 15 og 17 ára, ofbeldi kæranda og að þau hafi verið þvinguð til samskipta við hann. Kærandi kveður það ekki sannleikanum samkvæmt. Það hafi orðið honum reiðarslag þegar hann las auglýsingu í Fréttablaðinu 18. maí sl. um að daginn eftir ætti að birtast í blaðinu viðtal við Hildi og börnin um meint ofbeldi hans. Lögmaður kæranda sendi ritstjóra Fréttablaðsins tölvubréf samdægurs kl. 11:29 þar sem hann óskaði eftir afriti af viðtalinu og að kærandi áskildi sér rétt til að mótmæla birtingu þess. Ritstjórinn svaraði tölvubréfinu ekki strax en blaðamaður hafði hins vegar samband við kæranda sjálfan og kallaði eftir viðbrögðum hans og benti kærandi blaðamanni þá á lögmann sinn. Ritstjóri svaraði lögmanni kær-

anda með tölvubréfi kl. 16:04 og tilkynnti honum að Fréttablaðið afhendi aldrei óbirt vitöl eða greinar og að út af því yrði ekki brugðið. Lögmaður kæranda svaraði ritstjóranum með tölvubréfi kl. 16:05, þakkaði svarið, og kvaðst myndu senda ritstjóra formleg mótmæli síðar um daginn. Með tölvubréfi kl. 18:28 sendi lögmaður kæranda síðan formleg mótmæli í sérstöku bréfi og óskaði eftir að bréfið yrði birt í heild sinni. Viðtalið birtist síðan í Fréttablaðinu daginn eftir en ekki mótmælabréf lögmanns kæranda og hefur það hvorki verið birt né útdráttur úr því í blaðinu.


Umfjöllun

Í kæru segir að kærðir séu Sveinn Arnarsson, blaðamaður Fréttablaðsins og 365 miðlar ehf., útgefandi Fréttablaðsins. Um aðild hins síðarnefnda vísar kærandi til þess að hann sé útgefandi Fréttablaðsins. Í 6. gr. siðareglu BÍ segir að hver sem telur að blaðamaður hafi brotið siðareglurnar geti kært ætlað brot til Siðanefndar BÍ. Siðanefnd tekur því ekki kæru á hendur blaðaútgefanda til meðferðar en hins vegar hefur Siðanefnd fjallað um kæru á hendur einstökum fjölmiðlum án þess að tiltekinn blaðamaður hafi verið tilgreindur. Verður litið svo á, að ásamt Sveini blaðamanni, lúti kæran einnig að Fréttablaðinu.

Siðanefnd BÍ hefur í fjölmörgum úrskurðum sínum áréttað mikilvægi þess að fjölmiðlar hafi óheft frelsi til að taka til umfjöllunar viðkvæm og erfið mál. Fjöldi einstaklinga hefur lýst reynslu sinni á félagsmiðlum, ljósvakamiðlum og prentmiðlum. Þótt oft sé gætt nafnleyndar, bæði hvað varðar meinta gerendur og meinta þolendur í slíkri umfjöllun, er það þó ekki

algilt. Mikilvægt er að nafngreindir einstaklingar geti rætt opinskátt um þungbæra reynslu sína í fjölmiðlum. Siðanefnd hefur einnig ítrekað áréttað það sjónarmið að siðareglur BÍ gilda um viðtöl ekki síður en annað fréttafni. Ljóst er að kærandi telur á sér brotið þar sem aðeins önnur hlið málsins hafi komið fram í viðtalinu en ekki hlið kæranda. Í viðtalinu er fjallað um afar viðkvæmt mál en engu að síður fellst Siðanefnd á að slík umfjöllun sé réttlætanagerð þó langt sé um liðið og þó viðmælendur séu ólöggráða en komnir til nokkurs þroska. Í

umfjöllun (t.d. mál nr. 8/2016-2017) en þó hefði farið betur á því ef blaðamaður hefði í tengslum við viðtalið gert grein fyrir forsendum sýslumanns fyrir ákvörðun um umgengni í öndverðu. Siðanefnd telur hins vegar mikilsvert að sá sem telur að í umfjöllun sé hallað réttu máli eigi þess kost að koma að sínum sjónarmiðum án undandrátta. Fyrir liggur að lögmaður kæranda sendi ritstjóra beiðni um að fá að koma að sjónarmiðum kæranda með tölvubréfum daginn fyrir birtingu viðtalsins og sendi að lokum ritstjóra sérstakt bréf þess efnis. Þó ekki verði samkvæmt framansögðu gerð sú krafa til fjölmiðils að slíkar athugasemdir séu birtar samhliða fréttaumfjöllun, og í þessu tilviki væntanlega búið að ljúka frágangi blaðsins þegar athugasemdir bárust, þá verður að gera þá kröfu til fjölmiðils að birta slíkar athugasemdir hið fyrsta eftir að þær berast, eftir atvikum, sem útdrátt úr þeim. Fréttablaðið hefur því með því að hundska beiðni lögmanns kæranda að þessu leyti brotið gegn 3. gr. siðareglu. Brotið telst ámælisvert.



Úrskurður

Kærður blaðamaður, Sveinn Arnarsson, hefur ekki gerst brotlegur við siðareglur BÍ.

Kærður fjölmiðill, Fréttablaðið, hefur brotið gegn siðareglum BÍ. Brotið telst ámælisvert.

Reykjavík, 12. september 2018.

Björn Vignir Sigurpálsson

Hjörtur Gíslason

Ásgeir Þór Árnason

Fríðrik Þór Guðmundsson

Róbert H. Haraldsson

Ekki brotleg

Mál nr. 4/2017-2018

Kærandi:

NN.

Kærðu:

dv.is og Kristjón Kormákur Guðjónsson, ritstjóri.

Kæruefni:

Umfjöllun dv.is 26. október 2017 undir fyrrsögnunum „Bauð Hörpu afslátt af leigunni gegn því að selja sig: DV með falda myndavél hjá manningum – „Vona að síminn sé ekki hleraður“.

Málsmeðferð

Með bréfi dags. 28. október sl. kærði kærandi umrædda umfjöllun. Greinargerð frá kærðu barst siðanefnd 26. nóvember. Siðanefnd fjallaði um málið á fundum 14. og 28. nóvember og 5. desember. Hjörtur Gíslason forfallaðist í málinu og tók Jóhannes Tómasson varamaður sæti hans.

Málavextir

Þann 26. október 2017 birtist á dv.is frétt undir aðalfyrrsögninni „Bauð Hörpu afslátt af leigunni gegn því að selja sig“. Í fréttinni kemur fram sú fullyrðing nafngreindrar konu, Hörpu Lindar Pálmarsdóttur, að maður (ónafngreindur, kærandi þessa máls) hefði boðið henni íbúð til leigu og jafnframt að lækka leiguna „gegn því að hann fengi að stunda með henni kynlíf“. Með hliðsjón af erfiðri stöðu á leigumarkaði var þetta túlkað sem hagnýting á neyð Hörpu og sem vændisboð. Í kjölfarið leitaði Harpa til lögreglunnar og DV og tók kærði Kristjón ákvörðun um að leita staðfestingar á tilboði mannsins með því að láta blaðamann, Anitu Estivu Harðardóttur, hringja tvívegis til hans, kynna sig sem Hörpu, og taka símtalið upp án þess að upplýsa kæranda um það. Samkvæmt hljóðupptökunum fékkst ótvíræð staðfesting á frásögn Hörpu. Í kjölfarið fóru Kristjón ritstjóri, Anita og Guðrún Ósk Guðjónsdóttir blaðamenn heim til mannsins og hafði Guðrún Ósk falda upptökuvél á sér.

Kærandi, maður sem óskar nafnleyndar, segir í kærinni til siðanefndar að hann hafi óskað eftir afritum af upptökunum og fullyrðir að framsetning og meðferð á upplýsingum í fréttinni sé „ekki í samræmi við það sem fram fór og fréttin því í raun búin til með því að blanda saman leyndum upptökum í síma og á vettvangi með faldri myndavél og upptökutæki“ og segir að það sem fram fór hafi verið „tekið úr samhengi og lýsir ekki með réttum hætti því sem fram fór eða því sem ég hef í huganum að ég hafi sagt við þetta tækifæri“. Í kærinni segir enn fremur að kæranda hafi verið gert ófært að bera af sér sakir „með því að neita mér um afrit af upptökum af því sem fram fór. Þó ég sé ekki nafngreindur eru persónugreinanlegar upplýsingar á upptökunum, þannig að enginn sem þekkir til fer í neinar grafgötur með það um hvern sé að ræða. Ef upptökurnar fást fram óklipptar segja þær alla söguna um það sem fram fór.“

Í andsvörum kærðu kemur fram að framsetning og meðferð upplýsinga í umfjöllun DV sé „fullkomlega í samræmi við það sem fór fram, bæði í símtölum blaðamanns DV við kæranda og þegar blaðamenn DV mættu á heimili hans“. Bent er á að með símtalinu (frá blaðamanni í nafni Hörpu) hafi kærandi fengið tækifæri til að leiða fram að um misskilning hefði verið að ræða eða hreinlega að draga þennan ásetning til baka, en hafi þess í stað staðfest „augljósan ásetning sinn um að lækka húsaleigu gegn kynlífsgreiða.“

Kærðu segja umrædda frétt „varpa ljósi á margþætt ból í samfélaginu sem verið hefur til umræðu og mikilvægt er að fjölmiðlar fjalli um“, vændi, kynferðislega áreitni, bágborið ástand húsnaðismála og þann ljóta sið „sumra betur megandi að notfæra sér aðstöðu sína og nýta sér neyð annarra.“

Til að fyllstu sanngirni gagnvart kæranda væri gætt hafi nafni hans og andliti verið haldið leyndu í fréttinni.

Kærðu telja sig enga skyldu bera til að afhenda kæranda upptökurnar. „Ekki eru fordæmi fyrir því að afhenda viðmælendum upptök af samskiptum sínum við blaðamann og þar sem nafn (kæranda) er hvergi tekið fram er ástæðulaust að gera undantekningu í þessu tilviki.“

Umfjöllun

Í máli þessu er ekki kært vegna notkunar falinnar myndavélar eða hljóðupptöku á símtölum án vitneskju kæranda, heldur vegna úrvinnslu og framsetningar þess sem tekið var upp og einnig að hinn kærði fjölmiðill hefði ekki orðið við þeirri beiðni kæranda að fá afrit af upptökunum.

Kærandi færir engin rök fyrir því hverju kunni að hafa verið sleppt við úrvinnsluna sem breytti eðli málsins og innihaldi þess sem þó kemur fram og haft er eftir kæranda. Fjölmiðillinn hafði þrenns konar staðfestingar á fullyrðingunum sínum: Framburð Hörpu, hljóðupptök á tveimur samtölum við kærða í síma og myndbandsupptöku úr heimsókn blaðamanna til kæranda. Telur siðanefnd einsýnt að óbirt efni úr hrágögnunum geti ekki breytt eðli þeirra orða sem birt voru og höfð eftir kæranda. Þegar þess er aukin heldur gætt, að kærandi var ekki nafngreindur og hann gerður óþekkjanlegur á myndbandinu, er það niðurstaða siðanefndar að kærðu, Kristjón Kormákur Guðjónsson ritstjóri og dv.is hafi ekki gerst brotlegir við siðareglur BÍ.

Úrskurður

Kristjón Kormákur Guðjónsson ritstjóri og dv.is teljast ekki hafa brotið siðareglur Blaðamannafélags Íslands.

Reykjavík, 5. desember 2017

Björn Vignir Sigurpálsson

Róbert H. Haraldsson

Ásgeir Þór Árnason

Friðrik Þór Guðmundsson

Jóhannes Tómasson

DV ekki brotlegt við siðareglur BÍ

Mál nr. 5/2017-2018

Kærendur:

Einar Örn Thorlacius og Jóhanna M. Thorlacius.

Kærði:
 DV.

Kæuefni:

Viðtal undir yfirskriftinni „Faðir minn var pervert, nauðgari, barnaniðingur, hæstaréttarlögmaður og frímúrari“ sem birtist í prentútgáfu DV, 22. desember 2017 og á vef DV.

Málsmeðferð

Málið var kært með bréfi dagsettu 20. febrúar 2018 og var sent til siðanefndarmanna 21. febrúar. Siðanefnd fór yfir málið á fundi sínum 1. mars og gekk úr skugga um að málið væri tækt til úrskurðar og ákvað að leita sjónarmiða hins kærða fjölmiðils. Svar barst frá ritstjórum DV, Kristjóni Kormáki Guðjónssyni og Einari Þór Sigurðssyni hinn 5. apríl, ásamt og með afsökunarbeiðni þeirra vegna tafa sem urðu á svari fjölmiðilsins. Nefndin ræddi málið á fundum sínum 1. mars, 11. apríl og 23. apríl 2018.

Málavextir

Kærendur, Einar Örn Thorlacius og Jóhanna M. Thorlacius, óskuðu eftir úrskurði siðanefndar BÍ á heilsíðuviðtali í DV, 22. desember 2017 sem einnig var birt á vef DV, eftir blaðamanninn Hjálmar Friðriksson. Á bls. 10 í prentútgáfu DV er birt myndskreytt viðtal við Önnu Rögnu Magnúsdóttur undir yfirsögninni „Faðir minn var pervert, nauðgari, barnaniðingur, hæstaréttarlögmaður og frímúrari“, með undirfyrirsögninni „Anna

Ragna var beitt kynferðisofbeldi af hálfu föður síns, Magnúsar Thorlacius“. Frásögninni fylgir tæplega hálf-síðumynd af Önnu Rögnu og lítil andlitsmynd af föður hennar ásamt myndatextanum: „„Hæstaréttarlögmaður og frímúrari“ Magnús var líka nauðgari og barnaniðingur.“ Frásögnin á vef DV er samhljóða frásögninni í prentmiðlinum að því undanskildu að þar er hvorki birt andlitsmyndin af föður Önnu Rögnu né ofangreindur myndatexti. Kærendur eru alsystkini Önnu Rögnu. Kærendur lögðu tvær spurningar fyrir DV en fengu engin svör við þeim spurningum. Ekki verður séð af innsendum gögnum, að kærendur hafi farið fram á það við DV að koma sínum sjónarmiðum á framfæri á síðum DV um æskuheimili sitt, foreldra og frásögn Önnu Rögnu eftir að kært efni var birt.

Kærendur telja að umrætt viðtal feli í sér mjög alvarlegt brot á 3. gr. siðareglna BÍ og að upplýsingaöflun og framsetningu hafi verið verulega ábótavant. Umfjöllunin, sem sé að mestu leyti orðrétt afrit af fésbókafærslu systur þeirra, hafi stórskadað ímynd látinna foreldra þeirra og valdið þeim sjálfum sársauka og vanvirðu. Þrátt fyrir að látnir einstaklingar (foreldrar kæranda, einkum faðir en einnig móðir) séu bornir þungum sökum í frásögninni hafi DV ekki leitað annarra heimilda eða til annarra heimildamanna en viðmælanda síns.

Í svarbréfi sínu hafna ritstjórar DV því alfarið að umfjöllun blaðsins sé brot á 3. gr. siðareglna Blaðamannafélags Íslands. Telja þeir umfjöllunina vandaða og að sýnd hafi verið fyllsta tillitssemi. Benda þeir á að umfjöllun á undanförunum misserum um kynferðisofbeldi, m.a. undir merkjum #metoo-

byltingarinnar, hafi leitt í ljós „þjóðfélagslega“ nauðsyn þess „að varpa ljósi á áður virta samfélagsþegna sem beittu aðra kynferðisofbeldi.“ Telja þeir fráleitt að þeir hafi valdið föður viðmælanda ímyndarskaða, það hafi hann gert sjálfur með athæfi sínu. Og þeir hafna því að móðir viðmælanda eða aðrir aðstandendur hafi orðið fyrir slíkum ímyndarskaða. Það sé mat ritstjórnar DV að það að vera þolandi kynferðisofbeldis eða aðstandandi „geti ekki talist sem ímyndarskaði.“ Ritstjórar DV benda einnig á hve erfitt getur verið fyrir þolendur kynferðisofbeldis að segja frá reynslu sinni og mikilvægt sé að standa með þeim. Þá benda þeir á að blaðamaður DV hafi átt frumkvæði að umfjölluninni og hann hafi einnig tekið þá ákvörðun að birta mynd af Magnúsi og hafi ekki borið þá ákvörðun undir viðmælanda sinn. DV reyni eftir megni að birta myndir af þeim sem um ræðir í hverri umfjöllun og að myndin undirstriki að þarna var maður úr efri lögum þjóðfélagsins, en þeir hafi oft sloppið við myndbirtingar. Myndbirtingin þjóni efni fréttarinnar og hafi ekki verið til að niða manninn. Þá benda ritstjórar á að engin ástæða hafi verið til að efast um sannleiksgildi minninga Önnur Rögnu.

Umfjöllun

Siðanefnd BÍ hefur í fjölmörgum úrskurðum sínum áréttað mikilvægi þess að fjölmiðlar hafi óheft frelsi til að taka til umfjöllunar viðkvæm og erfið mál, s.s. mál er tengjast kynferðislegu ofbeldi og kynferðislegri áreitni. Slík umfjöllun hefur verið mjög áberandi í íslensku samfélagi undanfarin misseri, nú síðast undir myllumerkjum

#metoo og #höfumhátt. Fjöldi einstaklinga hefur lýst reynslu sinni á félagsmiðlum, ljósvakamiðlum og prentmiðlum. Þótt oft sé gætt nafnleyndar, bæði hvað varðar meinta gerendur og meinta þolendur í slíkri umfjöllun, er það þó ekki algilt. Mikilvægt er að nafngreindir einstaklingar geti rætt opinskátt um svo þungbæra reynslu í fjölmiðlum. En siðanefnd hefur einnig ítrekað áréttað það sjónarmið að siðareglur BÍ gilda um viðtöl ekki síður en annað fréttæfni.

Í umfjöllun sinni um hvort viðkomandi frásögn í *DV* varði við siðareglur Bládamannafélags Íslands hefur siðanefnd einkum staldrað við tvær spurningar. Í fyrsta lagi vaknar sú spurning hvort fjölmiðillinn *DV* hafi í umfjöllun sinni gerst brotlegur við 3. grein siðareglna BÍ um vönduð vinnubrögð og tillitssemi. Hér kemur helst til skoðunar mynd- og nafnbirting annars vegar og hins vegar hvort *DV* hefði átt að leita viðbragða annarra við frásögn viðmælanda síns. Í umræddri frásögn setur nafngreindur einstaklingur fram mjög alvarlegar ásakanir á hendur föður sínum. Það segir sig sjálf að slíkar ásakanir, t.d. um sífjaspell, verða ekki settar fram án þess að meintur gerandi sé í reynd nafngreindur. Þá stendur eftir sú spurning hvort það hafi verið rétt að birta umrædda andlitsmynd. Ekki verður séð að gömul, lítil andlitsmynd af viðkomandi bæti miklu við nafnbirtinguna, sérstaklega í ljósi þess að liðin eru fjörutíu ár frá því viðkomandi einstaklingur lést. Þegar settar eru fram alvarlegar ásakanir á hendur nafngreindum einstaklingi í fjölmiðlum er sjálfsögð krafa að viðkomandi fái tækifæri til að svara fyrir sig. Í þessu tilviki var það ekki hægt af augljósum ástæðum. Eftir stendur þá hvort *DV* hefði átt að bjóða t.d. kærendum, systkinum viðmælanda, að tjá sig um umræddar ásakanir.

Siðanefnd fær ekki séð að lesa megi út úr viðtalinu ásakanir á hendur systkinum viðmælanda. Ekki er minnst á systkini í greininni og aðeins á einum stað vikið að fjölskyldu viðmælanda þar sem sagt er: „Það sem er svo erfitt við þetta er að þótt maður ræði þetta við trúnaðarvini og eigi þessa fagaðila að, þá getur fjölskyldan áfram litið á þetta sem leyndarmál þótt hún viti af þessu og trúi því alveg að ofbeldið hafi átt sér stað. Fjölskyldan lætur samt eins og þetta hafi ekki gerst.“ Hér er vikið að fjölskyldunni en látið ósagt hvort um kjarnafjölskyldu eða stórfjölskyldu sé að ræða, og einungis er sagt almennum orðum að fjölskyldan geti brugðist við með ákveðnum hætti. Hafa verður í huga hér, að um viðtal er að ræða og frásögnin er að mestu leyti látin tala sínu

máli án athugasemda blaðamanns. Ekki verður heldur séð að kærundur hafi farið fram á það við *DV* að koma sínum sjónarmiðum að á síðum *DV* eftir að kært efni birtist.

Í öðru lagi vaknar sú spurning hvort *DV* hafi í frásögn sinni virt þá meginreglu laga að hver maður er talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð sem ítrekuð er í 4. gr. siðareglna BÍ. Hér verður aftur að hafa í huga að frásögn viðmælanda er að mestu leyti látin tala fyrir sig án athugasemda blaðamanns. Þannig kveður *DV* almennt ekki upp úr um sekt föður viðmælanda. Frá þessu virðast þó vera tvær undantekningar. Annars vegar segir í texta undir andlitsmyndinni: Magnús var líka nauðgari og barnaniðingur, án gæsalappa. Svo sérkennilega vill til að hinn textabúturinn undir andlitsmyndinni, „Hæstaréttarlögmaður og frímúrari“,

er hafður í gæsalöppum. Í undirfyrirsögn er einnig sagt afdráttarlaust: „Anna Ragna var beitt kynferðisofbeldi af hálfu föður síns, Magnúsar Thorlacius.“ Hvoru tveggja er verulega aðfinnsluvert, þar sem *DV* hefur engar forsendur til að fullyrða um þetta. Á hinn bóginn er nokkuð ljóst af samhengi að blaðamaður eða sá sem valdi undirfyrirsögn og myndatexta er að vísa á orð viðmælanda síns hér, og virðist mega skrifa þessi atriði á hroðvirknisleg vinnubrögð frekar en að verið sé að kveða upp úr um sekt viðkomandi aðila, sbr. sérkennileg staðsetning á gæsalöppum. Almennt séð virðist blaðamaður og *DV* hafa lagt litla sjálfstæða vinnu í kært efni sem er að stórum hluta

byggt á beinum tilvitnunum í opna fésbókarfærslu viðmælanda, án þess þó að þess sé getið. Ætla má að fjölmiðill sem í raun vill taka stöðu með fórnarlömbum kynferðilegs ofbeldis – og vinna málstað þeirra lið – myndi leggja meiri alúð við vinnslu og framsetningu efnis þar um. Þessar aðfinnslur breyta því þó ekki að á heildina litið er frásögnin sett þannig fram að lesanda má vera ljóst að sjónarmið meints þolanda eru leidd til öndvegis.

Að öllu þessu virtu verður ekki séð að kærður fjölmiðill hafi gerst brotlegur við siðareglur BÍ.

Úrskurður

Kærður fjölmiðill, *DV*, hefur ekki gerst brotlegur við siðareglur BÍ.

Reykjavík, 23. apríl 2018
Björn Vignir Sigurpálsson
Hjörtur Gíslason
Valgerður Anna Jóhansdóttir
Friðrik Þór Guðmundsson
Róbert H. Haraldsson

Kæru vísað frá

Mál nr. 6/2017-2018

Kærandi:

Sigurfreyr Jónasson f.h. Tommy Robinson.

Kærði:

Sigmar Guðmundsson, þáttastjórnandi Morgunútvarps Rásar 2, RÚV, og/eða ritstjóri/ábyrgðamaður RÚV.

Kæruefni:

Viðtal við Viðar Þorsteinsson heimspæking þann 13. febrúar 2018 um Robinson og væntanlega komu hans til Íslands.

Málsmeðferð

Málið var kært með tölvupósti sem barst BÍ og siðanefnd 16. apríl 2018. Andsvör frá kærða bárust 25. maí. Siðanefnd fjallaði um málið 23. apríl og 17. og 29. maí 2018.

Umfjöllun

Dagsetning kærubréfs er 13. apríl 2018. Kæran barst ekki siðanefnd fyrir en með tölvupósti 16. apríl og því eftir að tímafrestur var liðinn. Siðanefnd

vísar málinu því frá með vísan til 6. greinar siðareglna BÍ.

Úrskurður

Máli nr. 6/2017-2018 er vísað frá siðanefnd.

Reykjavík, 29. maí 2018
 Björn Vignir Sigurpálsson
 Hjörtur Gíslason
 Ásgeir Þór Árnason
 Friðrik Þór Guðmundsson
 Róbert H. Haraldsson



Endurmenntunar- og háskólasjóður blaðamanna

Námsstyrkir

Stjórn Endurmenntunar- og háskólasjóðs Blaðamannafélags Íslands auglýsir eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum, vegna lengra eða skemmra náms fastráðinna félaga í BÍ

Umsóknum skal skilað til skrifstofu BÍ.

Hægt er að sækja um á heimasíðunni

www.press.is eða með því að senda

tölvupóst á bi@press.is

Námskeið sem koma til greina við úthlutun styrkja eru m.a.:

- Nám við háskóla á Íslandi
- Annað lengra nám og námskeið hérlendis
- Endurmenntun í erlendum skólum s.s. hjá NJC í Árósum
- Önnur sérstök námskeið erlendis

Styrkir vegna styttri námskeiða hér heima eru greiddir á skrifstofu BÍ.

Pekktu rétt þinn!

Grunnurinn. Kjarasamningar BÍ eru grunnurinn að því sem greiða ber fyrir vinnu blaða- og fréttamanna á fjölmiðlum á Íslandi. Það þýðir að óheimilt er samkvæmt lögum að greiða minna en þeir kveða á um. Engin takmörk er á því hversu mikið meira má greiða.

Vinnutími. Vikulegur dagvinnutími blaða- og fréttamanna er 35-40 stundir. Vinnutíminn er styttri á vaktavinnudeildum en á dagvinnudeildum. Vinna umfram það er ávallt yfirvinna og ber að greiða sérstaklega fyrir hana.

Yfirvinna. Greitt er fyrir yfirvinnu með 1,0385% af dagvinnulaunum. Það þýðir til dæmis að yfirvinnutíminn kostar 3.635 kr. fyrir þann sem er á 350 þús. kr. taxtalaunum. Tíu yfirvinnutímar á viku eða 40 í mánuði kosta þar með 145.400 kr. í vinnulaunum. Lágmarkslaun í því tilvikum eru því 495.400 kr.

Hámarksvinnutími. Ekki er heimilt að vinna meira en 48 klukkustundir á viku að meðaltali á hverju fjögurra mánaða tímabili.

Rauðir dagar. Almennir frídagar á ári eru átta: Skírdagur, annar í páskum, sumardagurinn fyrsti, 1. maí, uppstingningardagur, annar í hvítasunnu, frídagur verslunarmanna og annar í jólum. Vinna á þessum dögum er aukavinna og ekki greitt fyrir færri en fjóra tíma. Ef um vaktavinnu er að ræða kemur frídagur fyrir vinnu á þessum degi.

Stórhátíðardagar. Stórhátíðardagar á ári eru einnig átta: Nýársdagur, föstudagurinn langi, páskadagur, hvítasunnudagur, 17. júní, aðfangadagur jóla, jóladagur og gamlársdagur. Tvöföld yfirvinna er greidd á þessum dögum, ekki minna en átta tímar vegna fólks í dagvinnu. Vaktavinnuáður fær frídag og yfirvinnu.

Fastlaunasamningar. Mjög hefur færst í vöxt að samið sé um ein laun fyrir starfið. Slíkir launasamningar hafa kallast fastlaunasamningar Hagkvæmni slíkra samninga fer algerlega eftir því hversu mikla yfirvinnu starfið innifelur. Það þýðir að þú þarft að fylgjast vel með yfirvinnutímum, svo laun verði ekki undir kjarasamningum.

Ekki vinna ókeypis. Það er bannað samkvæmt lögum og kjarasamningum. Engum er skylt að vera á fastlaunasamningi og allir geta gert kröfu til að á vinna samkvæmt kjarasamningnum og fá greitt fyrir yfirvinnu.

Fastráðning. Blaðamenn eru fastráðnir eftir fjóra mánuði, óháð því hvort gerður er ráðningarsamningur eða ekki. Ef blaðamaður er fastráðinn strax frá byrjun eða áður en fjögurra mánaða starfstíma er náð er nauðsynlegt að það sé staðfest með sannanlegum hætti. Uppsagnarfrestur fastráðins blaðamanns er að lágmarki þrjú mánuðir, en uppsagnarfrestur á reynslutíma er ein vika.

Endurgreiddur kostnaður. Blaða- og fréttamenn fá endurgreiddan kostnað vegna starfs síns frá atvinnurekendum. Endurgreiddar eru áskriftir dagblaða, tímarita og ljósvakamiðla, samtals kr. 10.500 á mánuði, símakostnaður 8.500 kr. á mánuði og nettenging og kostnaður vegna hennar samtals kr. 4.000. Samtals gera þetta 23.000 kr. en útgefandi getur látið einhver ofangreindra atriða í té á eigin kostnað og fellur þá kostnaðargreiðsla vegna þess niður.

Fyrirframgreidd laun. Blaðamenn eiga að fá fyrirframgreidd laun við fastráðningu.

Höfundarréttur. Blaðamenn eiga óskoraðan höfundarrétt að verkum sínum. Sérstakir höfundarréttarsamningar hafa verið gerðir á mörgum ritstjórnnum, sem tryggja greiðslur fyrir framsal á höfundarrétti.

Orlof. Fyrir fjögur ár í starfi eiga blaðamenn 24 daga í sumarorlof á ári. Eftir fjögur ár fjölgar dögum í 27 jafnframt því sem heimilt er að geyma 5 daga og taka 10 að vetri, samanlagt 32 dagar í sumar- og vetrarorlof. Dögnum fjölgar í 29 (34) eftir 10 ár og 30 (35) eftir 18 ár.

3ja mánaða frí. Allir blaðamenn eiga rétt á 3ja mánaða leyfi að meðtöldu sumarleyfi eftir 5 ár í starfi og aftur eftir 10 ár og síðan á fjögurra ára fresti upp frá því.

Veikindaréttur. Veikindaréttur fastráðins blaðamanns er að lágmarki þrjú mánuðir á fullum launum og þrjú mánuðir á hálfum laun-

um. Styrktarsjóður BÍ greiðir sjúkradagpeninga þar til viðbótar í allt að eitt ár.

Tryggingar. Allir blaðamenn eru slysa- og líftryggðir í vinnu og í frítíma. Atvinnurekanda ber að sjá til þess. Tryggingabætur vegna andláts fara eftir fjölskylduáætlunum og geta numið 6-12 milljónum þegar um fjölskyldumann er að ræða með börn.

Lífeyrisdögjöld. Blaða- og fréttamenn greiða til Lífeyrissjóðs verslunarmanna 4% af heildarlaunum. Til viðbótar greiðir atvinnurekandi 11,5% af heildarlaunum, þannig að samanlagt lífeyrissjóðsframlag er 15,5%.*

Séreignasjóður. Blaða- og fréttmenn geta greitt allt að 4% af heildarlaunum í séreignasjóð án þess að af því sé tekinn skattur. Atvinnurekandi greiðir 2% mótframlag gegn að lágmarki 2% framlagi launamanns.

*Gildir frá 1. júlí 2018.

Hvað gerir félagið?

Hagsmunagæsla. Blaðamannafélag Íslands stendur vörð um stéttarlega og faglega hagsmuni blaðamanna í víðu samhengi og kemur fram fyrir hönd stéttarinnar gagnvart löggjafar- og framkvæmdavaldi.

Fjölmiðlun. BÍ er með vefinn press.is og gefur út Blaðamanninn 1-2 sinnum á ári. Birgir Guðmundsson birgir@unak.is er ritstjóri vefsins og Blaðamannsins.

Fagleg umræða. BÍ heldur svonefnd pressukvöld öðru hverju þar sem fagleg málefni, sem efst eru á baugi hverju sinni, eru rædd ítarlega.

Lögfræðipjónusta. Lögfræðistofan LAG-lögmenn vinnur fyrir Blaðamannafélag Íslands og félaga þess þegar lögmennspjónustu er þörf.

Orlofshús. Félagið á tvö sumarhús í Brekku í Biskupstungum, raðhús á Akureyri og einbýlishús í Stykkishólmi, sem eru til afnota fyrir félagsmenn.

Endurmenntun. Á vegum BÍ er rekinn endurmenntunar- og háskólasjóður, sem allir fullgildir félagsmenn geta leitað til um styrkveitingar til að sækja hvers kyns nám og námskeið hér á landi og erlendis í lengri og skemmri tíma.

Rannsókn- og verkefnastyrkir. Hægt er að sækja um sérstaka rannsókn- og verkefnastyrki þegar um er að ræða útgjalda- og/ eða tímafreka rannsóknvinnu.

Styrktarsjóður. Styrktarsjóður greiðir niður kostnað vegna sjúkraþjálfunar, gleraugna, laseraðgerða, hjartaverndar, krabbameinskoðunar, sálfræðipjónustu, tannlækna, tæknifrjögungar o.fl. Hann greiðir einnig fæðingarstyrki í hlutfalli við lengd fæðingarorlofs og ættleiðingarstyrki.

Alvarleg veikindi. Styrktarsjóður tryggir laun í allt að eitt ár að frádregnum veikindarétti samkvæmt kjarasamningum í alvarlegum slysa- og veikindatilfellum. Þá er hægt að sækja um styrki til sjóðsins þegar um mikil útgjöld vegna heilbrigðisþjónustu er að ræða.


Meningarsjóðsstyrkir. Menningarsjóður BÍ veitir styrki þegar fullgildir félagsmenn eiga rétt á að fara í þriggja mánaða leyfi.

Síðanefnd. Á vegum BÍ starfar síðanefnd sem almenningur getur leitað til telji hann á sig hallað í fjölmiðlum.

Alþjóðlegt samstarf. BÍ er aðili að Alþjóðasambandi blaðamanna, Evrópusambandi blaðamanna og Samtökum norrænna blaðamannafélaga.

Skrifstofa BÍ. Skrifstofa BÍ er að Síðumúla 23, 108 Reykjavík og er opin daglega milli 9 og 16. Þar starfa Hjálmar Jónsson, formaður/ framkvæmdastjóri, hjalmar@press.is og Jóna Th. Viðarsdóttir, skrifstofustjóri, jona@press.is. Sími á skrifstofu er 553 9155. Farsími formanns er 897 4098.

Nóvember 2018.



Munið Styrktarsjóð BÍ

Styrktarsjóður var settur á laggirnar í kjölfar kjarasamninga Blaðamannafélags Íslands og Samtaka atvinnulífsins snemma árs 2001. Reglugerð um starfsemi sjóðsins var samþykkt á aðalfundi félagsins þá um vorið og hafa starfsreglur á grundvelli reglugerðarinnar verið í mótn síðan þá, en með vexti sjóðsins hefur fjölgað þeim málefnum sem sjóðurinn hefur getað látið sig varða. Allir fullgildir félagsmenn í BÍ, sem greitt hafa í sjóðinn í sex mánuði, eiga aðild að sjóðnum. Eftirfarandi reglur gilda frá 1. nóvember 2018:

Laun í veikindum:

Styrktarsjóður tryggir full laun allt að 572.887 kr. á mánuði í eitt ár eftir að veikindi hefjast að frádregnum veikindarétti samkvæmt kjarasamningum.

Fæðingarstyrkir og ættleiðing:

Veittir eru styrkir vegna fæðingar barns. Styrkirnir taka mið af lengd fæðingarorlofs og eru að lágmarki 105 þúsund kr. og að hámarki 210 þúsund kr. Viðbótarstyrkur er veittur vegna útgjalda við ættleiðingu barns.

Krabbameinsskoðun:

Krabbameinsskoðanir eru greiddar að fullu.

Hjartaskoðun:

Eftirlit vegna hjartasjúkdóma er greitt að fullu.

Lækniskostnaður:

Greiddur er árlegur almennur lækniskostnaður vegna sjóðfélaga umfram 12 þúsund kr. á ári að 35.200 kr., en þá stofnast réttur til útgáfu afsláttarskirteinis frá Sjúkratryggingum ríkisins.

Sjúkraþjálfun og -nudd:

Sjóðurinn greiðir helming kostnaðar vegna sjúkraþjálfunar og sjúkranudds að hámarki 40 þúsund kr. á ári.

Útfararstyrkir:

Sjóðurinn greiðir útfararstyrki vegna andláts félagsmanna. Styrkurinn er 400 þús. kr.

Endurhæfing:

Greiddur er helmingur kostnaðar vegna endurhæfingar hjá H-L stöðinni.

Tæknifrjógvanir:

Greidd eru 50% kostnaðar vegna tæknifrjógvana samkvæmt gjaldskrá Tryggingastofnunar ríkisins.

Lasermeðferð á augum:

Greiddur er 75 þúsund kr. styrkur vegna aðgerðar á hvoru auga.

Sálfræðikostnaður:

Greitt er allt að 112.500 kr. á ári samkvæmt nánari reglum. Skilyrði að meðferðin sé að læknisráði og þarf að framvísa beiðni frá trúnaðar- eða heimilislækni um að viðkomandi hafi þurft á meðferðinni að halda. Greitt fyrir 15 skipti á hverjum tólf mánuðum að hámarki 7.500 kr. fyrir hvert skipti.

Heilsuhæli:

Greitt er vegna dvalar á viðurkenndum heilsuhælum innlands allt að helmingur kostnaðar þó ekki meira en 100 þúsund kr. á hverjum tólf mánuðum.

Gleraugu og heyrnartæki:

Tekið er þátt í kostnaði vegna kaupa á gleraugum og heyrnartækjum sem nemur helmingi kostnaðar samkvæmt framlögðu frumriti reiknings allt að kr. 75 þúsund á 24 mánaða fresti fyrir gleraugu og 250 þúsund fyrir heyrnartæki.

Göngumæling/innlegg:

Greidd eru 75% kostnaðar, þó að hámarki 20 þús. kr. vegna göngumælingar og innleggja samkvæmt læknisráði. Sambærileg endurgreiðsla vegna annarra minniháttar hjálpartækja.

Tannlæknakostnaður:

Greiddur er helmingur kostnaðar umfram 50 þúsund kr. að 300 þúsund kr. vegna tannlæknakostnaðar af heilsufarsástæðum. Styrkur getur þó aldrei orðið hærri en 125 þúsund kr.

Mikil útgjöld vegna heilbrigðisþjónustu:

Ef um mikil útgjöld er að ræða vegna heilbrigðisþjónustu, sem ekki fellur undir neinn lið hér að ofan, er hægt að sækja sérstaklega um styrk vegna þess til stjórnar sjóðsins. Umsókn skal studd gögnum og reikningum vegna útlagðs kostnaðar.

Heilsuefling:

Veittur er styrkur vegna heilsueflingar sem getur numið allt að helmingi kostnaðar, þó ekki hærri en sem nemur 20 þúsund kr. á hverju almanaksári gegn framvísun frumrits reiknings.

Almennt gildir að forsenda endurgreiðslu er framvísun frumrits fullgildra greiðslukvittana vegna útlagðs kostnaðar. Hvað almennan lækniskostnað varðar nægir ljósrit af útgefnu afsláttarskirteini sem staðfesting á því að kostnaður hafi náð umræddu lágmarki, annars þarf að framvísa greiðslukvittunum. Um greiðslu fæðingarstyrkja gildir að leggja þarf fram gögn frá fæðingarorlofsjóði Tryggingastofnunar ríkisins um greiðslur frá sjóðnum í fæðingarorlofi.

Nánari upplýsingar er að finna á vef Blaðamannafélagsins, www.press.is